



Play tekur flugið

Innlent **2**

Play er við það að tryggja sér langtímafjármögnun og stefnir að því að hefja formlega starfsemi næsta vetur. Á sama tíma er raunstaða Ícelandair sögð verri en haldið hefur verið fram.

Uppljóstranir séra Skírnis

Fréttaskýring **4**

Agnes Sigurðardóttir biskup rak séra Skírni Garðarsson án þess að veita áminningu áður. Skírni opnaði mál prests sem misnotaði 10 ára stúlkunni og vann fyrir kirkjuna eftir að hafa játað.

Fleiri ofsóknir innan slökkviliðsins

Innlent **18**

Fyrirverandi liðsmaður Slökkviliðs Fjarðabyggðar segir einelti og baktal grassera á vinnustaðnum og þrátt fyrir margar kvartanir sé ekkert gert í málinu.

Barnshafandi í kreppu

Séð og Heyrt **30**

Nokkrar af þekktustu konum landsins eru barnshafandi. Þær leyfa fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum að fylgjast með meðgöngunni og öllu sem henni tengist.

MAVÍF

Fréttir / Viðtöl /

Séð og heyrt

VIDTALID
Jóna Elísabet Ottesen

Mínútur frá dauðanum

Jóna Elísabet Ottesen lenti í alvarlegu bílslysi í byrjun júní í fyrra og mátti engu muna að það kostaði hana lífið. Hún er nú lömuð fyrir neðan brjóst og hefur dvalið á Grensás í níu mánuði í endurhæfingu. Hún segir þennan tíma hafa tekið mikið á, oft hafi hún grátið og harmað hlutskipti sitt, en hún sé nagli og stefni nú út í lífið á nýjum forsendum.

NJÓTTU ÞÍN HEIMA
MEÐ STARBUCKS KAFFI



PANTAÐU
ÞITT BRAGÐ
Á ELKO.IS

ELKO



Ekki má bíða of lengi

Texti / Trausti Hafsteinsson



Flugmenn Icelandair hafa samið um að þiggja ekki launahækkanir í nágildandi samningi.



Heimildamenn Mannlífs eru flestir sammála því að skriftið sé að ríkið hafi ekki nú þegar komið að endurreisn Icelandair við þessar erfiðu og krefjandi aðstæður. Slíkt hefur nú þegar verið gert víða, líkt og vefmiðillinn Túrísti bendir á í nýlegri umfjöllun sinni um Icelandair og mögulega aðkomu ríkisins að félaginu. Þar er þeirri spurningu varpað fram hvort flugfélagið sé í raun það félag sem ráðamenn þjóðarinnar eigi að treysta á sem óskabarn þeirra. „Það yrði ekki heimsfrétt ef íslenskir ráðamenn ákveða að kaupa hlut í Icelandair til að koma félaginu til bjargar. Nú er stóra spurningin hvort þessir hluthafar eru til í að taka áhættuna og halda Icelandair á floti á meðan tekjurnar eru engar eða hvort ríkið þurfi á endanum að koma félaginu til bjargar og jafnvel eignast meirihluta í því. Hvort Icelandair, eins og það fyrirtæki er skipulagt í dag, er svo rétta félagið til að byggja samgöngur til og frá landinu á er svo önnur spurning sem ráðamenn þjóðarinnar þurfa að spyrja sig að,“ skrifar Kristján Sigurjónsson, ritstjóri Túrísti.

Ekki gjaldþrota

Það dylst engum að staða Icelandair er slæm. Í mars sagði félagið 240 starfsmönnum upp störfum og 92% starfsmanna fór í skert starfshlutfall tímabundið. Í vikunni gaf stjórn Flugfreyjufélags Íslands út að félagið sé ekki tilbúið til að skerða kjör flugfreyja og flugþjóna til frambúðar þar sem ekki er svigrúm til frekari skerðingar hjá félagsmönnum. Þá hafa hlutabréf í Icelandair verið í frjálsum falli það sem af er ári og sem stendur er þorri flugflota félagsins ekki í notkun. Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, hefur látið hafa eftir sér í fjölmiðlum að ekki sé verið að reyna að bjarga félaginu frá gjaldþroti þótt ráðist sé í hlutfjárúttboð. Hann sagði í vikunni að því miður væru frekari uppsagnir starfsfólks óumflýjanlegar til að komast í gegnum þetta krefjandi tímabil.



Play á loft í vetur meðan Icelandair er í vanda

Flugfélagið Play er við það að tryggja sér langtímafjármögnun og stefnir á að hefja formlega starfsemi næsta vetur, samkvæmt heimildamönnum Mannlífs. Heimildamenn segja að á sama tíma sé raunstaða Icelandair verri en haldið hefur verið fram en félagið hefur meðal annars verið gagnrýnt fyrir háan rekstrarkostnað. Telja þeir að Icelandair komi til með að þurfa á ríkisaðstoð að halda og það jafnvel frekar fyrir en seinna þar sem staða félagsins sé slæm.

Samkvæmt fyrirnendum heimildamönnum tryggði Play sér langtímafjármögnun með þeim skilyrðum að á Íslandi næðist að safna því sem nemur nærri 1,4 milljörðum króna miðað við núverandi gengi. Nú sé svo komið að lítið vanti upp á þá upphæð og sé unnið hörðum höndum að því innan félagsins að komast á loft næsta vetur. Það sé hins vegar talvert kostnaðarsamt að reka flugfélag án tekna líkt og Play hefur gert síðan síðastliðið haust. Félagið hafi átt í erfiðleikum með að greiða laun þar til bjargvættur kom inn í félagið og sitji nú í stjórn þess. Sá bjargvættur sé Elías Skúli Skúlason, stjórnarformaður og einn eigenda flugþjónustufyrirtækisins Airport Associates, sem verið hafi í lykhillutverki við að veita Play brúarfjármögnun. Samkvæmt heimildum Mannlífs er flugrekstrarleyfi félagsins klárt hjá Samgöngustofu en verður ekki formlega veitt félaginu fyrir en langtímafjármögnunin er tryggð. Því má segja að enn sé talsverð óvissa um framtíð Play og hvort það hefji formlega starfsemi í haust.

”
Nú er svo komið að lítið vantar upp á þá upphæð og er unnið hörðum höndum að því innan félagsins að komast á loft næsta vetur.

Áhættufælnir hluthafar

Heimildamenn Mannlífs telja að óraunhæft sé að búast við einhverri viðspyrnu í ferðaþjónustu og alþjóðlegum flugbransa fyrir en undir lok ársins. Þeir telja að það geti kostað Icelandair allt að 20 milljarða króna að halda sér á floti fram að því. Félagið eigi því ekki annan kost við þessar aðstæður en að leita til sinna hluthafa og þurfi að minnsta kosti 10 milljarða hlutfjárukningu núna fyrir sumarið til að geta fleytt sér áfram yfir þennan hjalla. Það sé í raun algjört lágmark. Icelandair sé á sama tíma þunglamalegt í rekstri með lífeyrissjóði sem stóra hluthafa. Sjóðirnir séu á köflum áhættufælnir og ekki líklegir, að mati viðmælenda Mannlífs, til að vilja taka einir áhættuna á endurreisn flugfélagsins.

Hófsamari rekstraráætlun

Á meðan sumir heimildamenn Mannlífs gagnrýna kostnaðargrunn Icelandair segja þeir áhugavert að velja upp kostnaðargrunni Play. Rekstarmodel félaganna séu mjög ólík. Einn af heimildamönnum Mannlífs sem þekkir vel inn á alþjóðlegan flugmarkað, segir að rekstarmodel Play sé jafnvel skynsamlegra. Þar skipti miklu máli að áhafnarkostnaður félagsins sé mun lægri heldur en hjá Icelandair en samkvæmt heimildum Mannlífs hefur félagið nú þegar gert áhafnarsamninga sem gilda út árið 2023. Play hafi einnig lagt upp með hófsamari rekstraráætlun en hið fallna laggjaldaflugfélag WOW air þar sem byrjað verður með fáa áfangastaði og fjórar flugvélar. Sumir viðmælendur Mannlífs eru á því að nú sé að vissu leyti jafnvel hagstætt að hefja flugrekstur enda séu líkur á ódýrari leigusamningum flugvéla. Þá hjálpi sú staðreynd Play að félagið ætli að notast við flugvélar frá Airbus, sem eru taldar vera hagkvæmari í rekstri en Boeing-vélar Icelandair.

Mikill munur á kostnaði vegna áhafna

Fullyrt hefur verið að kostnaður vegna áhafna hins gjaldþrota WOW flugfélags hafi verið um 30% hagstæðari en hjá Icelandair og telja heimildamenn Mannlífs að kostnaðurinn sé enn lægri hjá Play. Munurinn gæti verið allt að 50% milli Icelandair og Play. Telja þeir að það sé nokkuð heftandi fyrir Icelandair hversu margir flugmenn hjá félaginu eru í hæsta launaskala og ofarlega á svokölluðum seniority-lista, eða starfsaldurslista. Komi til þess að Icelandair þurfi að minnka flotann um helming og segja upp hundruðum flugmanna þá muni félagið sitja eftir með flugmenn sem eru með flugstjórastöðu hjá fyrirtækinu og í hæsta launaskala. Þá benda þeir á að nýting flugmannanna í flugtímum hafi verið síðri hjá Icelandair en hjá WOW. Það skrifist ekki á flugmenn heldur á félagið. Með betri nýtingu flugmanna myndi Icelandair án efa styrkja samkeppnisstöðu sína, að mati heimildamanna Mannlífs.

Hjálp eða hindrun?

Sumir heimildamenn Mannlífs telja að sterk eiginfjárstaða Icelandair geti hreinlega skemmt fyrir félaginu og sömuleiðis að félagið skuli hafa tryggt sér of mikið magn af olíu á meðan olíuverð fer hriðlækkandi. Einn veltir fyrir sér hvort samruni Icelandair og Play gæti verið góð lausn á vanda flugrekstursins á Íslandi. Aðrir heimildamenn Mannlífs telja að sterk eiginfjárstaða Icelandair geti gefið félaginu mikilvægt forskot í viðspyrnu þegar allt opnast á nýjan leik fyrir ferðalög til og frá landinu. Þeir benda á að einn af megin samkeppnisaðilum Icelandair, hið norska Norwegian Air, sé í slæmum rekstrarvanda. Þeir telja einnig að staða Íslands verði góð þegar allt fer af stað á nýjan leik, þar sem tiltölulega fá Covid-19 smit hafa greinst hérlendis og það opni bæði fyrir að tekið verði fagnandi á móti Íslendingum erlendis og að farþegar verði óhræddir við að ferðast til landsins.

Arnar Már Magnússon, forstjóri Play.


**BIRTINGUR EHF**

Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík S: 515 5500

**Lumar þú á frétt?**

Sendu ábendingu á ritstjórn@birtingur.is

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Halldór Kristmannsson - Framkvæmdastjóri: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir - Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson - Ritstjóri Mannlífs: Reynir Traustason - Ritstjórar tímarita: Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir - Blaðamenn: Ragna Gestsdóttir, Friðrika Benónýsdóttir, Guðný Hrönn, Trausti Hafsteinsson - Umbrot og hönnun: Ivan Burkni - Forsíða: Unnur Magna - Auglýsingar: auglysingar@birtingur.is - Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing



ÓBREYTT VERÐ Á NÝJUM BÍLUM!

Bílabúð Benna hækkar ekki verð!

Þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun undanfarið er Bílabúð Benna staðráðið í að standa verðlagsvaktina og hefur því ekki hækkað verð á nýjum bílum. Þetta er okkar framlag til verðstöðugleika og þannig hyggst fyrirtækið létta undir með því fólki sem er í bílahugleiðingum.



Rexton - 4x4 jeppi ársins

7 manna, hátt og lágt drif, byggður á grind,
3 tonna dráttargeta

Óbreytt verð:

7.990.000 kr. sjálfskiptur



Tivoli 4x4

Fjór hjóladrif m/læsingu,
fimm ára ábyrgð
3.990.000 kr. sjálfsk.



Ampera-e 60 kWh

100% rafmagn og nóg pláss
Óbreytt verð:
4.590.000 kr. sjálfsk.



Grandland X

Þýsk gæði og mikill búnaður
Óbreytt verð:
4.490.000 kr. sjálfsk.



Combo Cargo

Sendiferðabíll ársins
Óbreytt verð án vsk.:
2.572.581 kr.

i

Innlent
PERSÓNUVERND

Málið í hnotskurn



Nýverið barst öryrkja, sem býr hluta ársins erlendis í heitara loftslagi sem hentar betur heilsu viðkomandi, tölvupóstur frá Tryggingastofnun í þá veru að grunur sé uppi um að öryrkinn búi erlendis og því hafi hann ekki rétt á heimilisuppbót sem stofnunin greiði. Samkvæmt reglum um þá uppbót má einstaklingur ekki dvelja lengur en sex mánuði almanaksársins erlendis til að eiga rétt á henni. Í þessu tilviki hafði viðkomandi aðeins verið þrjú mánuði á árinu erlendis og var þar að auki fastur í dvalarlandinu sökum kórónuveirufaraldursins. Í rökstuðningi Tryggingastofnunar kom fram að grunsemdirnar hefðu kviknað eftir IP-tölvöktun stofnunarinnar og skráningu öryrkjans á „mínar síður“ á heimasíðu stofnunarinnar en sú skráning gefur til kynna dvalarland hverju sinni. Persónuvernd telur að aðgerðir sem þessar séu ólögmatar.

„Ömurlegt að svona sé verið að fylgjast með fólki“

Persónuvernd telur að Tryggingastofnun beiti ólögmatum eftirlitsaðferðum með því að nota IP-tölur til að vakta staðsetningu skjólstaðinga sinna. Formaður Öryrkjabandalags Íslands segir aðferðirnar vera ólíðandi. Þær lúsi vantrausti í garð öryrkja.

Tryggingastofnun er sökuð um að stunda úreltar og ólögmatar persónunjósnir á skjólstaðingum sínum með því að vakta IP-tölur og staðsetningar þeirra út frá skráningum í gegnum „mínar síður“ á heimasíðu stofnunarinnar. Vísar stofnunin því á bug enda hafi hún heimild í lögum til að sannreyna réttmæti bóta-greiðslna.

Öryrkja sem fær heimilisuppbót var nýverið sent bréf þar sem eftirlit TR gaf til kynna að viðkomandi væri búsettur erlendis og var honum bent á að einstaklingar sem dveljist lengur en sex mánuði erlendis á almanaksári missi rétt á heimilisuppbótinni. Persónuvernd hefur sent stofnuninni erindi vegna málsins þar sem bent er á að þessar eftirlitsaðferðir séu bæði úreltar og ólögmatar, en Persónuvernd hefur áður gert athugasemd við samskonar vinnubrögð hjá Vinnuámalastofnun.

Ekki við hæfi

Í desember síðastliðnum úrskurðaði Persónuvernd að vöktun Vinnuámalastofnunar á IP-tölum og skráningum í gegnum „mínar síður“ væri ólögleg.

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, staðfestir að Tryggingastofnun hafi fengið erindi frá henni í



„Þetta þarf að gera með betri hætti og svona aðferðir eru ekki við hæfi að nota einar og sér,“ segir Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar. Mynn / Skjaskot www.ob.is

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, gagnrýnir vinnubrögð Tryggingastofnunar.

vikunni vegna þessa eftirlits. Hún segir ljóst að umræddar aðferðir séu úreltar og samræmist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. „Nýlegur úrskurður okkar gagnvart Vinnuámalastofnun tekur á þessu mjög skilmerkilega. IP-tölvöktun er ekki talin áreiðanleg í dag, tæknipækingu hefur fleygt það mikið fram og við höfum lært eitt og annað frá þeim tíma þar sem þessi aðferð þótti í lagi,“ segir Helga. „Þetta þarf að gera með betri hætti og svona aðferðir er ekki við hæfi að nota einar og sér. Við erum búin að vekja athygli Tryggingastofnunar á þessu.“

Betra fyrir heilsuna

„Það er ömurlegt að svona sé verið að fylgjast með fólki og ég set stórt spurningamerki við að þetta megi hreinlega gera,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands, um eftirlit með öryrkjum. Aðspurð segir hún fjöldi fyrirspruna hafa borist undanfarið. „Við höfum dálítið verið spurð álits um lögmæti þessa eftirlits. Þetta er alveg ótrúlega mikil forræðishyggja og ólíðandi vantraust í garð öryrkja. Vinnubrögðin eru úrelt og þau geta bara ekki átt við í dag. Ég fordæmi þetta enda mjög sérstakt,“ segir Þuríður Harpa og bendir á að í sumum tilvikum reynist það öryrkjum vel að dvelja hluta úr ári erlendis sökum veðurs og

framfærslumöguleika. „Mér hugnast það mjög illa að svona aðferðum sé beitt til að reyna að skera af öryrkjum, 70% þeirra sem leita til hjálparsamtaka í dag eru öryrkjar. Öryrkjar upplifa nú þegar skert frelsi og að þurfa að seta svona eftirliti ofan á allt er óboðlegt.“

Gæta almannaþjá

Sigrún Jónsdóttir, staðgengill forstjóra Tryggingastofnunar, segir eftirlitið með IP-tölum eina af aðferðunum sem beitt er við að sannreyna búsetu skjólstaðinga. Hún bendir á að þetta sé einfaldlega gert til að passa upp á almannaþjá og að bent sé á eftirlitið á heimasíðu stofnunarinnar. „Við gerum grein fyrir þessu inni á heimasíðunni. Við látum vita af þessu og þetta er ein leiðin í því eftirliti sem við sinnum. Þetta er ekki eina leiðin,“ segir Sigrún.

„Við beitum þessum aðferðum með öðrum gögnum og höfum til þess fulla heimild samkvæmt lögum. Við reynum alltaf að afla upplýsinga frá einstaklingnum sjálfum og leiðbeina. Þetta er allt viðkvæmt og við vöndum okkur eins og mögulegt er. Við gerum eins vel og hægt er við að gæta þess að farið sé vel með almannaþjá.“

Samkvæmt lögum um almannaþjá tryggingar ber stofnuninni reglubundið að sannreyna réttmæti bóta og greiðslna sem ákvörðun um réttindi byggist á.



Orðrómur

rt@birtingur.is

» Glaðvæð systkini



Siglfirðingurinn Alma Möller landlæknir hefur notið sín í sviðsljósinu eftir að veiran kom

upp. Á einni nóttu varð hún þjóðþekkt sem stríðsmaður í baráttunni gegn vágustinum. Alma hefur yfir að ráða bæði þokka og húmor. Bróðir hennar er Kristján Möller, fyrrverandi alþingismaður Samfylkingar og samgönguráðherra, sem um árabíl þjónaði kjördæmi sínu og naut mikilla vinsælda. Systkinin eiga glaðvæðina sameiginlega.



» Laskaður ráðherra



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra hefur lengi verið í fremstu víglínu Sjálfstæðisflokksins

og á stundum komið til álíta sem formaður flokksins. Undanfarið gefur orðið breyting á stöðu hans. Samherjamálið með vin hans, Þorstein Má Baldvinsson, í skotlínunni hefur reynst honum þungt í skauti. Þótt ráðherrann hafi sagt sig frá öllum málum sem Samherja varða og ekki átt opinberlega aðild að málum félagsins stendur hann laskaður eftir.



» Einlæg frásögn



Pétur Einarsson, fyrrverandi flugmálastjóri og hótelsstjóri, hefur undanfarið glímt við krabbamein sem er að mati lækna ólæknandi.

Pétur lætur ekki deigan síga þrátt fyrir þjáningar sínar. Hann stofnaði Facebook-síðuna Dagbók krabbameinssjúklings þar sem hann lýsir af einlægri baráttu sinni. Hann sagði meðal annars frá því þegar hann og sambýlskona hans, Svanfríður Ingvaldóttir, gengu í hjónaband í apríl. Pétur útskýrði þetta þannig að hann vildi að hún yrði ekkja en ekki fyrrverandi ástkona.



» Ráðherraveiki



Það kom eins og regndropi úr heidskýru lofti þegar Þorsteinn Viglundsson, alþingismaður Viðreisnar og fyrrverandi ráðherra, sagði af sér þingmennsku til að takast á hendur að verða forstjóri fjölskyldufyrirtækis síns. Þorsteinn hefur verið áberandi þingmaður og atkvæðamikill. Grunsemdir eru uppi um að Þorsteinn hafi glímt við svokallaða ráðherraveiki. Sú veiki lýsir sér í fráhörfum þegar fólk hefur setið á ráðherrastóli en snýr aftur í þingsal sem óbreytt.

Dómsmál

Texti / Róald Eyvindsson

„Hryllilega leiðinlegt“


„Auðvitað er hryllilega leiðinlegt að þetta þurfi að fara svona,“ segir tónleikahaldarinn Wiktoría Joanna Ginter í samtali við Mannlíf. Wiktoría stefndi Hatara í september á síðasta ári vegna meintra vanefnda Svíkamyllu, sem heldur utan um rekstur hljómsveitarinnar, á samningi um að sveitin kæmi fram á fernum tónleikum á tónlistarhátíð í Póllandi dagana 20. til 24. ágúst. Wiktoría var einn af aðalskipuleggjendum hátíðarinnar, Íceland to Poland, og telur að Hatari hafi brotið á samningi þeirra á milli þegar þeir afboðuðu komu sína. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í desember var staðfest að ágreiningurinn heyrði undir gerðardóm í samræmi við samning þeirra milli. Beiðni hefur verið send á gerðardóm um að hann taki málið fyrir.



Wiktoría Joanna Ginter.

„Við leitumst eftir því að það gerist í maí og þá verði valinn dómari sem báðir aðilar geta sæst á,“ segir Wiktoría, sem vill fá úr því skorið hvort Hatari hafi brotið á henni, en hún telur sig eiga rétt á skaðabótum frá sveitinni vegna málsins. „Hatari skrifaði undir samning um að koma fram en hætti seinna við eftir að hafa farið fram á miklu hærrí þóknun en var fyrst rædd. Við buðum sveitinni að draga sig út úr verkefningu gegn því að greiða fyrir bókun nýs listamanns, eins og tekið er fram í samningi, en hún svaraði ekki. Í kjölfarið gat ég ekki uppfyllt ýmsar fjárhagslegar skuldbindingar vegna hátíðarinnar og sit uppi með skuldir. Það er auðvitað magnað að sveit sem segist vera antikapítalísk sé reiðubúin að rústa lítili tónlistarhátíð.“ Þess má geta að Hatari hefur sagt hafa hætt við tónleikana í Póllandi þar sem ekki hafi verið séð fram á að sveitin fengi greitt fyrir að koma fram.

Probi® Family - fyrir ónæmiskerfið



Probi® Family

- Probi® mjólkursýrugerlar
- Fólasín
- D-vítamín
- B-12 vítamín

Sterkt ónæmiskerfi er nauðsynlegt vörnum okkar og til þess að við séum í okkar besta formi dag hvern. Probi® Family fyrir alla fjölskylduna frá 3 ára aldri.

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is



NÝTT

RJÓMASÚKKULAÐI MEÐ OPALFYLLINGU

TVÖFÖLD ÁSTÆÐA

TIL AÐ GLEÐJAST



N
NÓI SÍRÍUS

ÍSLENSKT
gjörir svo vel



Innlent
VIÐSKIPTI

Sýndarveruleiki vinsæll í samkomubanni

Tölur Hagstofunnar sýna að fjarvinna launafólks hefur aukist talsvert vegna samkomubansins sem var sett á vegna COVID-19 en samkvæmt bráðabirgðatölum vinna nú hátt í 40% landsmanna heima fyrir. Samhliða því hefur verið brjáláð að gera hjá söluaðilum raftækja. Sala á rafækjum hefur margfaldast og hefur á stundum verið erfitt fyrir söluaðila að kaupa inn ákveðna vörflokka vegna lokana verkmiðja víða um heim. Fjarfundabúnaður, frystikistur, kolsýruhylki fyrir Soda-stream-tæki, leikjatölvur og svokölluð VR-gleraugu hafa rokið út á meðan bannið hefur staðið yfir.

Margfölduð sala

Óttar Örn Sigurbergsson, aðstoðarframkvæmdastjóri ELKO, segir að sala hafi aukist gríðarlega mikið og einnig hafi vefverslun tekið stóran kipp. „Sala í vefverslun okkar hefur margfaldast milli ára. Viðskiptavinir hafa því verið fljótir að breyta viðskiptavenjum sínum. Þá hefur sala breyst nokkuð milli vörflokka og viðskiptavinir fært sig yfir í hluti sem tengjast samkomubanninu,“ segir Óttar Örn. „Má þar helst nefna heimaskrifstofuna, þar liggur undir allur tölvubúnaður, fjarfundarbúnaður, headset, vefmyndavélar og prentarar. Sala vefmyndavéla hefur þrefaldast í Evrópu og það er skortur á þeim. Einnig hafa spjaldtölvur selst í miklum mæli til einstaklinga sem eru margir einangraðri í dag en áður, þær eru hentug leið til að vera í sambandi við fjölskyldu og vini.“

Meiri eftirspurn en framboð

Finnur Oddsson, forstjóri Origo, segir það sannarlega hafa kostað svita og tár að viðhalda lagerstöðu fyrirtækisins undanfarnar vikur og þannig hafi teist að fyrirbyggja að ákveðnir vörflokkar seldust upp hjá fyrirtækinu. „Það hefur verið metsala hjá okkur og gríðarlega mikil eftirspurn. Lagerstaða okkar hefur verið miklu lægri undanfarið heldur en áður. Einkum í tölvum og tölvuskjám. Fyrir páska kom holskefla og eftirspurnin var meiri en framboðið,“ segir Finnur. „Við eigum vélar og okkar birgjar senda okkur vörur. Það bjóst enginn við þessari eftirspurn. Hjá okkur snýst þetta um að þjónusta vel okkar viðskiptavinum og þannig höfum við keppist við að eiga alltaf til

búnaðinn sem þeir þurfa. Það hefur alveg kostað svita og mikla vinnu þar sem mitt góða fólk hefur staðið vaktina dag og nótt.“

Sumt uppselt

Óttar Örn segir kolsýruhylki fyrir Soda-stream-tæki vera söluhæstu vöruna hjá ELKO síðan samkomubannið var sett á. Leikjatölvur og sýndarveruleikagleraugu rjúka einnig út úr búðunum. „Sala á VR-gleraugum hefur margfaldast og það veitir örugglega einhverjum grið að skjótast í sýndarheima í þessu ástandi. Vörur tengdar afþreyingu hafa tekið mikið stökk í sölu og sala leikjatölva nærri tvöfaldast milli ára. Sem betur fer hefur þokast til í Playstation-birgðum og er framboð að komast í lag,“ segir Óttar Örn. „Nintendo Switch-leikjatölvan hefur verið hrikalega vinsæl og er nú uppseld. Það sem hefur komið mest á óvart er sala á Soda-stream-hylkjum. Þau er nú söluhæsta varan hjá okkur og augljóst að landinn ætla að eiga sína kolsýru fyrir gosvélar næstu vikurnar.“



Óttar Örn Sigurbergsson, aðstoðarframkvæmdastjóri ELKO, segir að sala hafi aukist gríðarlega mikið og vefverslun hafi einnig tekið stóran kipp.



„Það bjóst enginn við þessari eftirspurn.“

„Það hefur verið metsala hjá okkur og gríðarlega mikil eftirspurn. Lagerstaða okkar hefur verið miklu lægri undanfarið heldur en áður,“ segir Finnur Oddsson, forstjóri Origo.

Hylkin voru á tímabili uppseld en ný sending kom, sem betur fer, í hús rétt fyrir páska.“

Birgðir í búið

Aðspurður segir Óttar Örn að ýmis eldhústæki hafi einnig selst vel undanfarnar vikur. Metsala sé í sölu á frystikistum. „Hrærivélar, vöflujárn og önnur svipuð tæki sem fjölskyldan getur dundað sér saman með í eldhúsinu við að baka eða búa til kræsingar með kaffinu hafa selst mjög vel. Svo er augljóst að landinn hefur verið að safna birgðum í búið þar sem sala frystitækja hefur margfaldast á tímabilinu og um tíma var meira en helmingur úrvalsins uppseldur,“ segir Óttar Örn og bætir því

við að nú gangi betur en áður að fá vörusendingar til landsins. „Enn sem komið er er vöruflæði erlendis og innanlands í góðum farvegi og við sjáum ekki fyrir okkur að það breytist. Við höfum gert ráðstafanir til að fá sendingar í þessum nýlega vinsælu flokkum til að hafa stöðugt framboð. Við höfum þó fundið fyrir því að verkmiðjur á Ítalíu sem og í Kína lokuðu. Kína er sem betur fer að komast aftur í samt horfi.“

Söluaukning á vinsælustu raftækjunum í ELKO	
Vefmyndavélar	260%
Leikjatölvur	80%
VR-gleraugu	1300%
Rafmagnshlaupahjól	2000%
Frystitæki	190%



Verskiðjum víða lokað

■ Fyrstu tvær vikurnar í mars dróst útflutningur á tölvum frá Kína saman um tæp 65 prósent vegna kórónuveirufaraldursins. Mörgum verkmiðjum í landinu var lokað í febrúar, fyrst í Hubei-héraði en síðan um allt land, og hefur það skapað vandamál fyrir raftækjaverslanir víða um heim. Streymi á tölvuskjám frá Kína hefur dregist saman um 66 prósent en heildarsamdrátturinn á streymi raftækja frá landinu á meðan faraldurinn hefur staðið yfir eru rúm 45 prósent. Það er ekki bara í Kína sem verkmiðjum hefur verið lokað heldur hefur það verið gert mjög víða. Þannig hafa raftækjarisarnir LG og Samsung hafa þurft að loka öllum verkmiðjum sínum í Rússlandi, Brasilíu, Póllandi og á Indlandi.

Veiran líka valdið hruni

■ Aldrei hafa selst færri farsímar í veröldinni eins og í febrúarmánuði síðastliðnum. Sökum kórónuveirufaraldursins féll sala snjallsíma um 38 prósent miðað við sama tíma í fyrra og er meginástæðan sú að framleiðendur í Kína lokuðu tímabundið vegna COVID-19. Í stað þess að nærri 100 milljónir tækja seldust, þá seldust rétt ríflega 60 milljónir þeirra í mánuðnum og er það hæsta fall í sölu snjalltækja frá því talningar hófust árið 2003. Þrátt fyrir að Kínverjar séu byrjaðir að opna verkmiðjur sínar óttast söluaðilar að útgöngubann víða í heiminum komi til með að valda áframhaldandi samdrætti í sölu farsíma á meðan faraldurinn stendur yfir. Stærstu aðilar á markaðnum, Apple, og Samsung- fyrirtækin, hafa bæði lokað flestum verslunum sínum í heiminum en víða hafa söluaðilar brugðist við með aukinni netsölu. Þannig að upphaflega var skortur á framboði vegna lokana í Kína en við taki skortur á eftirspurn sem muni áfram skila minni sölu á snjallsímum í veröldinni.





STÓRI PLOKKDAGURINN ER 25. APRÍL

PLOKK DAGURINN LAUGARDAGINN

Plokkum í kringum heilbrigðisstofnanir landsins, sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og dvalar- og hjúkrunarheimil, og sýnum starfsfólkinu þakklæti okkar í verki

Að plokk gefur fólki tækifæri til að sameina útiveru og hreyfingu sem og að sýna umhverfinu og samfélaginu kærleik í verki.

Það er tilvalið í samkomubanni þar sem auðvelt er að virða tveggja metra regluna.

Deginum skiptum við upp í tvær plokkvaktir. Sú fyrri byrjar kl.10:00 sú seinni kl.13:00. Öllum er frjálst að taka þátt í hluta eða öllum, eða skipuleggja sína eigin dagskrá. Upplýsingar eru inn á PLOKK Á ÍSLANDI á Facebook og á samfélagsmiðlum eða heimasíðum sveitarfélaganna.

PLOKK Í FIMM EINFÖLDUM SKREFUM:

1. FINNA RUSLAPOKA, HANSKA OG PLOKKTANGIR
2. KLÆÐA SIG EFTIR AÐSTÆÐUM
3. FINNA HENTUGT SVÆÐI
4. VIRKJA FJÖLSKYLDUNA MEÐ
5. VIRÐA FJÖLDA OG 2 METRA REGLUNA

Gætið fyllstu varúðar og brýn fyrir börnum að láta nálar og aðra hættulega hluti vera, en tilkynna til foreldra eða umsjónarmanna svo mögulegt sé að fjarlægja þá.

KOMA AFRAKSTURNUM Á RÉTTAN STAÐ

*SAFNSTÖÐVAR SVEITARFÉLAGA

kynnið ykkur á heimasíðu sveitarfélagsins ykkar

*TERRA OG KRÓNAN TAKAÁ MÓTI MINNI POKUM

kynnið ykkur á heimasíðu Terra og Krónunnar

*SVEITARFÉLÖG SÆKJA STÓR VERKEFNI

hringið eða sendið póst á sveitarfélagið ykkar

 #plok2020
 #plok2020
 Plokk á Íslandi



PLOKK Á ÍSLANDI
#PLOKK2020



Fréttaskýring

MÁL SÉRA SKÍRNIS
GARÐARSSONAR

UPPLJÓSTRARINN SEM BISKUPINN RAK

Séra Skírnir Garðarsson, héraðsprestur á Suðurlandi og fyrrverandi prestur í Lágafellskirkju, var rekinn úr embætti í framhaldi af umfjöllun fréttamiðilsins Vísis um samskipti hans og Önnu Auroru Waage. Þetta var í þriðja sinn sem presturinn uppljóstraði eða kom að slíkum málum.

Texti / Reynir Traustason


Séra Skírnir sagði frá því í viðtali fyrir nokkru að honum hefði brugðið mjög þegar hann sá á fréttamyndum að Anna var á leið vestur til Bolungarvíkur til að sinna hjúkrunarstörfum á elliheimilinu þar sem kórónuveiran lagðist þungt á fólk. Anna hafði verið ráðin sem bakvörður á þeim forsendum að hún hefði réttindi og menntun til að sinna þeim störfum.

„Ég gat ekki látið hana hafa peninga né mat öðruvísi en að fréttu af því hvort hún væri að segja mér satt eða ekki. Þannig ég ákvað að hringja í félagsmálastjóra Mosfellsbæjar, sem ég og gerði. Af því ég hafði lúmskan grun um það að pappírarnir sem lágu þar væru að hluta til falsaðir þá spurði ég félagsmálafulltrúann að því hvort ég gæti fengið að sjá þá,“ segir Skírnir í samtali við Vísí.

Skírnir rekinn

Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, brá skjótt við og lýsti því yfir að presturinn hefði framið trúnaðarbrot með orðum sínum um skjólstaðing. Framhaldið var síðan það að biskup rak séra Skírni, sem verður sjötugur í nóvember. Brottretkurinn var óvenjuharkalegur þar sem Agnes lýsti því yfir að hann myndi ekki þjóna Þjóðkirkjunni framar.

„Sr. Skírnir Garðarsson hefur starfað sem héraðsprestur frá árinu 2016. Í viðtali við Vísí.is þann 11. apríl greindi Skírnir frá viðkvæmum málefnum sóknar barns, frá þeim tíma sem hann starfaði sem prestur við Lágafellssókn. Með viðtalinu rauf Skírnir trúnaðarskyldu presta og braut starfs- og siðareglur. Sr. Skírnir Garðarson hefur lokið þjónustu sinni fyrir íslensku þjóðkirkjuna,“ segir í tilkynningu biskups.



Sr. Skírnir Garðarsson hefur starfað sem héraðsprestur frá árinu 2016. Í viðtali við Vísí.is þann 11. apríl greindi Skírnir frá viðkvæmum málefnum sóknar barns, frá þeim tíma sem hann starfaði sem prestur við Lágafellssókn. Mynd / Kristinn Magnússon Stundin

Þessi skjótu viðbrögð vekja athygli og þá ekki síst vegna þess vandræðagangs sem einkennt hefur Þjóðkirkjuna þegar um hefur verið að ræða mun alvarlegri mál á borð við kynferðisbrot. Þá liggur fyrir að Séra Skírnir hefur ekki fengið áminningu sem er lögum samkvæmt undanfari brottretkursturs. Presturinn var þess utan í veikindaleyfi þegar hann fékk tilkynninguna um brottretkurinn.

Brotist inn í tölvupóst

Séra Skírnir hefur lengi átt í útistöðum við Agnesi biskup. Uppnám var á sínum tíma í Lágafellssókn þegar Anna, seinna bakvörður, sótti um neyðarstyrk. Tilgreint var í umsókninni að einnig hefði verið sótt um



Ég gat ekki látið hana hafa peninga né mat öðruvísi en að fréttu af því hvort hún væri að segja mér satt eða ekki.

Fréttin sem felldi prestinn

„Um leið og ég sá hana á leiðinni til Bolungarvíkur að starfa á Bergi, þá lenti ég í alveg gríðarlegri klemmu. Ég hugsaði svo: Ef ég fer að blanda mér í þetta, þá verður mér enn og aftur borið á brýn að ég sé að skipta mér af málum sem koma mér ekki við,“ sagði Skírnir við Vísí.is. „Ég sé eftir því að hafa ekki hringt í lögregluna um leið og ég sá hana fara í þyrluna.“

Hann segist hafa sett sig í samband við Gylfa Ólafsson, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða í dag. Hann hafði rætt við hann símleiðis og beinlínis varað hann við konunni. Honum hafi verið brugðið, enda ástandið í samfélaginu alvarlegt og bakvarðasveitin að sinna mikilvægum störfum. „Við erum að tala um þjóðaröryggi núna.“

Hann segir það þó vera ákveðinn létti að málið hafi komist upp. Hann hafi verið hugsi yfir því atviki sem snýr að honum í mörg ár en það sé miður ef fleiri hafi lent í sambærilegu. „Það er eins og það sé lyft af manni fargi. Þetta er búið að vera mér rosalega erfitt í mörg, mörg ár.“

styrk til bæjarfélagsins. Séra Styrmir efaðist um að konan ætti í neyð og leitaði upplýsinga hjá félagsmálastjóra Mosfellsbæjar. Anna komst á snoðir um þessi samskipti og kærði

prestinn og félagsmálastjóran til Persónuverndar. Séra Ragnheiður Jónsdóttir, samstarfsprestur Skírnis, tók við kærinni og áframsendi til Biskupsstofu án þess að láta Skírni

Texti / Trausti Hafsteinsson

Ninna Sif Svavarsdóttir



„Það gilda lög og reglur um það hvenær og undir hvaða formerkjum má reka presta úr starfi og þau réttindi starfsmanns þarf að virða.“

– Ninna Sif Svavarsdóttir, sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli og formaður Prestafélags Íslands.

Býsna skýr rammi

„Það er ekki hægt að gera of mikið úr mikilvægi trúnaðarskyldu prests gagnvart þeim sem til prestsins leita. Þetta er grundvallarforsenda í samskiptum presta og sóknar barna. Að traust og trúnaður ríki þarna á milli er svo mikilvægt. Það gilda síðan lög í landinu sem segja til um það hvenær þessi trúnaður á ekki við þannig að ramminn utan um þetta er býsna skýr,“ segir Ninna Sif Svavarsdóttir, sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli og formaður Prestafélags Íslands. Hún bendir á að í bæði starfs- og siðareglum sé gert ráð fyrir því að prestur haldi þagnarskyldu og virði trúnað.

Aðspurð segir hún það ljóst að reglum um uppsagnir presta hafi ekki verið breytt og að almennt hafi prestar rétt á andmælum og skriflegri áminningu.

„Prest ber að virða þagnarskyldu og það er mjög alvarlegt ef prestur brýtur trúnað. Það gilda lög og reglur um það hvenær og undir hvaða formerkjum má reka presta úr starfi og þau réttindi starfsmanns þarf að virða. Um þetta hafa ekki enn verið settar nýjar reglur og þar til annað hefur verið samþykkt gilda eldri reglur. Þannig er það.“

Halldór Gunnarsson



„Þetta er svo yfirgengileg valdníðsla og svo algjörlega yfir mig gengið að yfir þessu get ég ekki þagað.“

– Halldór Gunnarsson, fyrrverandi sóknarprestur í Holti.

Biskup íhugi stöðu sína

„Þetta er bara valdníðsla og stenst enga skoðun. Þjóðkirkjan hefur brotið allar reglur og allur trúnaður til biskups eða yfirstjórnar kirkjunnar er brostinn. Þetta getur ekki undir nokkrum kringumstæðum talist trúnaðarbrot og því síður að honum sé vikið úr starfi út af því. Engar nýjar reglur um uppsögn presta hafa verið samþykktar og því gilda eldri reglur. Þannig er það og kirkjan verður að starfa eftir starfsreglum. Það þýðir ekki fyrir kirkjuna að segja upp starfsmanni fyrir að fylgja ekki reglum þegar hún sjálf fer ekki eftir reglum. Biskup hefur sannarlega ekki staðið við starfsreglur í þessu máli og þarf einnig að rökstyðja þá fullyrðingu að séra Skírnir hafi brotið starfs- og siðareglur kirkjunnar,“ segir Halldór Gunnarsson, fyrrverandi sóknarprestur í Holti, um brottvikningu séra Skírnis úr embætti.

Aðspurður um hvort hann telji eðlilegt að biskup endurskoði ákvörðun sína hefur hann þetta um málið að segja: „Þessi staða er svo alvarleg að biskup þarf að horfa í eigin barm og svo alvarleg að biskup þarf að íhuga stöðu sína. Það er ekkert öðruvísi. Það ætti að vera þannig að ef einhver ætti að kunna að hegða sér þá sé það kirkjan. Þetta er svo yfirgengileg valdníðsla og svo algjörlega yfir mig gengið að yfir þessu get ég ekki þagað. Þarna er verið að brjóta á einum af mínum bræðrum og ég get ekki sætt mig við það á nokkurn máta. Mér finnst þetta alveg út í hött.“

Flex&Go

Netverslun
www.skornir.is



Verð 12.995



Verð 12.995



Verð 11.995



Verð 11.995

Flex&Go
er 100% portúgalskt vörumerki. Í skóna er notað hágæða leður sem og náttúruleg efni, sem gerir það að verkum að skórnir falla vel að fætinum og eru einstaklega þægilegir. Flex&Go skórnir eru hannaðir fyrir allar konur sem eru á ferðinni í daglegu lífi og eru þeir tímalausir og einstakir.



Verð 10.995



Verð 10.995



Verð 14.995



Verð 16.995

skórnir þínir

SMÁRALIND
www.skornir.is



Fréttaskýring

MÁL SÉRA SKÍRNIS
GARÐARSSONAR

Tímalína

2003 »»

Kona leitar til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis sem hún varð fyrir sem barn af hendi guðfræðinemans Þóris Stephensen sem seinna varð dómkirkjuprestur.

2006 »»

Unnur Guðjónsdóttir tekur upp baráttu konunnar gegn Þjóðkirkjunni. Kirkjan aðhafðist ekki. Málinu stungið undir stól.

2010 »»

Séra Skírni Garðarsson sendir fagræði kirkjunnar fyrirspurn vegna máls Þóris. Spurningin olli uppnámi. Karl Sigurbjörnsson var biskup.

2015 »»

Sáttafundur á Biskupsstofu. Séra Þóris Stephensen hittir fórnarlamb sitt og baðst fyrirgefningar á misnotkuninni, 60 árum fyrr.

2016 »»

Anna Jóna, seinna Anna Aurora, klagar Skírni og félagsmálastjóra Mosfellsbæjar til Persónuverndar fyrir trúnaðarbrot.

2016 »»

Tölvupóstur Skírnis áframsendir til Biskupsstofu að honum forspurðum.

2016 »»

Skírni „hrakinn“ úr embætti sínu við Lágafellssókn.

2016 »»

Úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar úrskurðar að brotið hafi verið á Skírni með því að fara inn á pósthólf hans. Persónuvernd vísar máli sóknarbarsins frá.

2017 »»

Skírni segir sögu sína í Stundinni. Sagðist óttast hefnd Agnesar biskups.

2018 »»

Skírni þjónar sem héraðsprestur á Suðurlandi.

2018 »»

Séra Þóris flytur útvarpsmessu þrátt fyrir að hafa játað kynferðisbrot gegn barni.

2020 »»

11. apríl: Séra Skírni segir frá því í viðtali á Vísi að Anna Aurora, bakvörður án réttinda, sé konan sem sótti á sínum tíma um neyðarstyrk.

2020 »»

Apríl: Séra Skírni fer í veikindaleyfi.

2020 »»

20. apríl: Biskup rekur Skírni úr starfi, án undanfarinnar áminningar.

vita. Hann fékk því ekki andmælarétt eins og sjálfsagt þykir í svona málum. Ástæða þess að Ragnheiður fór á bak við samstarfsmann sinn kann að vera sú að prestarnir höfðu um hríð átt í hörðum deilum. Við þetta bættist að framkvæmdastjóri Lágafellssóknar braust inn í pósthólf Skírnis og framsendi tölvupósta til Biskupsstofu. Presturinn tilkynnti þetta til Úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar sem úrskurðaði að brotið hefði verið gegn honum með því að fara inn á pósthólf.

Hrakinn úr sókninni

Biskup brást við málinu með því að hrekja Skírni úr starfi sínu í Lágafellssókn. Í fyrstu var séra Ragnheiður einnig send í frí en hún fékk að snúa aftur. Biskup setti Skírni þá afarkosti að víkja sjálfur úr sókninni og taka við afleysingarstöðu eða verða settur af. Presturinn sá sitt óvænna og hætti. Hann lýsti því í viðtali við Stundina í janúar árið 2017 að hann óttaðist hefnd biskups.

„Ég er hræddur um að biskupinn muni hreinlega reka mig. Kannski er sá ótti ástæðulaus. Biskup sendi mér bréf á dögnum þar sem hann minnti mig á það að ég væri bundinn trúnaði bæði núna og eftir að ég hætti. Spurningin er hvort Agnes hafi verið að ýja að því að ég yrði rekinn. Ég er 66 ára og stefni að því að halda áfram að vinna þar til ég verð sjötugur,“ sagði hann við Stundina.

Persónuvernd sýknaði Skírni af því að hafa brotið trúnað gagnvart skjólstaðingi. Málinu var vísað frá. Uppnáminu í Lágafellssókn lyktaði þannig með því að presturinn var látinn gjalda synda kirkjunnar og fara. Þrátt fyrir umleitanir hefur kirkjan enn ekki bætt honum það trúnaðarbrot sem átti sér stað þegar brotist var inn í pósthólf hans og viðkvæm gögn send á Biskupsstofu.

Misnotaði barn

Séra Skírni á að baki langa sögu þar sem svo er að sjá að óvild biskups í hans garð hafi magnast upp í árána rás. Þann 5. nóvember árið 2010 tilkynnti Skírni fagræði kirkjunnar með bréfi um kynferðisbrot séra Þóris Stephensen, áður dómkirkjuprests. Fagræðið var stofnað eftir að upp komst um kynferðisbrot Ólafs Skúlasonar biskups. Skírni reifaði í bréfinu ávirðingar sem Unnur Guðjónsdóttir hafði um árabil borið fram fyrir hönd skjólstaðings síns og spurði um stöðu málsins. Málið hafði nokkrum sinnum áður komið á borð biskupa en verið svæft. Karl Sigurbjörnsson biskup hafði stungið erindinu undir stól og þaggað málið niður.

Leynibréf hins brotlega prests

Þóris Stephensen, fyrrverandi dómkirkjuprestur, sendi kirkjuráði þjóðkirkjunnar bréf árið 2019, fjórum árum eftir að hann játaði kynferðisbrot gegn barni. Bréfið er merkt trúnaðarmál, sem má ekki opna fyrr en ári eftir andlát hans. Þóris hefur viðurkennt að hafa brotið kynferðislega á barni um miðja síðustu öld. Skilyrði fyrir afhendingu bréfsins er að ekki megi lesa það fyrr en eftir dauða höfundar.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, sagði við Ríkisútvarpið að ósk Þóris verði virt. Þóris vildi ekki tjá sig um innihald bréfsins þegar fréttastofa spurði hann út í það, en sagði að það væri ekki óalgengt að fólk leggi fram heimildir sem ekki megi nálgast fyrr en að höfundu látnum. Að öðru leyti sagði hann málið í höndum kirkjuráðs.

Eftir að þjóðkirkjan stofnaði fagræð fyrir þá sem höfðu orðið fyrir kynferðisbrotum af hendi starfsmanna kirkjunnar, leitaði konan þangað og óskaði eftir hjálp „við að græða sárið sem ekki hafði lokast á rúmum 60 árum,“ eins og biskup orðaði það. Ábendingar tókust þó að berast kirkjunni löngu áður.

Engin svör frá Biskupsstofu

Mannlíf óskaði eftir viðbrögðum hjá Biskupsstofu vegna brottvikningar Skírnis Garðarssonar og sendi eftirfarandi spurningar. Engin svör bárust.

1) Gildir ekki lengur um presta það ákvæði laga um opinbera starfsmenn sem veitir þeim rétt til andmæla og skriflegar áminningar áður en til uppsagnar kemur?
Sjá grein 21.: <https://www.althingi.is/lagas/150a/1996070.html>

2) Ef þið teljið ákvæðið enn gilda um presta, hvers vegna var Skírni Garðarssyni ekki veitt skrifleg áminning í þessu tilvik?

3) Kom ekki til greina af hálfu Biskupsstofu að fresta andmælarétti Skírnis Garðarssonar og ákvörðun ykkar fram yfir það tímabil sem viðkomandi hafði sýnt fram á veikindi sín?

Steindór R. Haraldsson

Hefði gert þetta öðruvísi



Steindór R. Haraldsson.

„Steindór R. Haraldsson, formaður löggjafarnefndar kirkjubings, telur að uppsögn séra Skírnis Garðarssonar hafi verið allt of harkaleg. Hann segir sorglegt að prestinum hafi ekki verið leyft að klára starf sitt með sæmd út árið. „Skírni átti eftir hálf ári og það hlýtur að hafa verið hægt að þola hann aðeins lengur. Mér finnst það svakalegt þegar fólk er rekið sem er á síðustu metrunum að fara á eftirlaun. Því fólk á ef eitthvað er að sýna meiri virðingu en öðrum. Eins og þetta lítur út við fyrstu sýn finnst mér þessi aðgerð ansi harkaleg. Mér finnst þetta hið undarlegasta mál og svona hefði ég aldrei gert þetta. Kannski hefur þetta verið kornið sem fyllti mælinn, það hlýtur að vera eitthvað meira þarna að baki,“ segir Steindór.

Lögin eru skýr

Viðmælendur Mannlífs furða sig á flýtinum við brottrekstur séra Skírnis Garðarssonar, þ.e.a.s. að hann hafi hvorki hafi fengið áminningu né hafi tillit verið tekið til veikindavottorðs, í ljósi þess að lögin séu skýr.

Ekki má reka prest úr embætti nema viðkomandi hafi fengið tækifæri til andmæla og að undanfenginni skriflegri áminningu. Brottvikning presta úr starfi lýtur lögum um opinbera starfsmenn þrátt fyrir að þeir séu í lagalegum skilningi ekki lengur slíkir eftir að undirritaður var samningur ríkis og kirkju í september síðastliðnum. Stefnir er að útgáfu nýrra þjóðkirkjulaga í lok þessa árs en á meðan ekki hafa verið gefnar út nýjar reglur um uppsögn presta gilda þær gömlu. Þær gömlu gera ráð fyrir því að veita þurfi andmælarétt og skriflega áminningu þar sem starfsmanni er gefinn tími til að bæta ráð sitt. Undantekningar laganna eru ef um skipulagsbreytingar er að ræða eða verið sé að leggja viðkomandi stöðu niður.

Fram að síðustu áramótum voru prestar flokkaðir sem opinberir embættismenn og voru undir öllum reglum sem um þá gilda. Sem hluta af aðskilnaði ríkis og kirkju voru prestar felldir úr þeirra hópi með samkomulagi ríkis og kirkju sem undirritað var 6. september í fyrra. Í gildi eru síðan þjóðkirkjulög frá árinu 1997 þar sem hvarvetna er vísað til þess að prestar séu opinberir starfsmenn eftir því sem við á. Þessi lög munu gilda til næstu áramóta en þá er stefnt að því að ný kirkjulög leysi þau gömlu af hólmi. Í millitíðinni var áður nefnt samkomulag undirritað milli ríkis og kirkju, samkomulag sem gildir út árið 2020 og var undirritað af þremur ráðherrum ríkisstjórnar og biskupi Íslands, þar sem fram kemur að prestar í embætti missi í engu réttindi þar til ný kirkjulög koma fram. Samkomulaginu er ætlað að tryggja að prestar njóti óbreyttra réttinda og óbreyttrar stöðu þar til nýju kirkjulögin yrðu sett.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins 1996 nr. 70 11. júní 21. gr.

Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandrækslu í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvæður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmi- legar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.



Ég er hræddur um að biskupinn muni hreinlega reka mig. Kannski er sá ótti ástæðulaus.

Séra Þóris var sakaður um að misnota 10 ára stúlku ítrekað á þeim tíma sem hann var í guðfræðinámi. Hann hafði þá húsaskjól í miðborg Reykjavíkur hjá þjóðþekktum forstjóra. Systir stúlkunnar var að minnsta kosti einu sinni áhorfandi að glæpnum og til vitnis um það sem gerðist. Þegar Skírni sendi bréfið varð uppnám. Fimm árum síðar, árið 2015 var loks boðað til sáttafundar á Biskupsstofu að frumkvæði Agnesar biskups.

Þangað mættu meðal annars önnur systirin, meint fórnarlamb Þóris, synir hennar og presturinn sjálfur. Niðurstaðan varð sú að Þóris játaði brot sitt skýlaust og baðst fyrirgefningar. En starfi hans í þágu þjóðkirkjunnar var þó ekki lokið því hann tókst á hendur prestverk eftir sáttafundinn.


Brotamaðurinn fékk þannig mildilega meðferð og að þjóna áfram en upljóstrarinn var rekinn á dyr með skómm. Þegar þjónusta Þóris á uppstigningardag árið 2018 komst í hámeili tilkynnti biskup að hann myndi ekki takast á hendur fleiri verkefni.

Staða Skírnis er nú þannig að hans eigin kirkja hefur rekið hann á vergang. Hann má ekki lengur þjóna sem héraðsprestur á Suðurlandi og er burtrækur af þeim vinnustað sem hann hefur þjónað í áratugi.

Dapur prestur

Séra Skírni vill í dag sem minnst um málið segja. Lagt er að honum að lögsækja kirkjuna til bóta vegna þess hvernig staðið var að uppsögninni. Hann segist vonast eftir breyttri afstöðu biskups og vera miður sín vegna brottrekstrarins og eiga erfitt með að meðtaka hann sökum eigin veikinda og veirufaraldursins sem gengur yfir landið.

„Tímasetningin er ekki góð, ég er í veikindaleyfi fram að mánaðamótum og hef takmarkað svigrúm af heilsufarsástæðum,“ sagði hann. Séra Skírni á að baki flekklausan feril, ef undan er skilið viðtalið í Vísi og meint trúnaðarbrot. Hálf ári er þangað til hann fær fullan rétt til eftirlauna.




Hefur þú verlað í vefverslun Epal?

Yfir 9 þúsund vörur; gjafavörur, húsgögn og ljós
eftir frægustu hönnuði heims.

Njóttu þess að verla heima í stofu. **Frí heimsending.**

www.epal.is





Viðtalið

JÓNA ELÍSBET
OTTESEN

Nokkrar mínútur skildu milli lífs og dauða

Jóna Elísabet Ottesen hefur verið lömuð eftir bílslys í tæpa ellefu mánuði og allan tímann dvalið á heilbrigðisstofnunum. Hún bíður nú eftir því að komast heim þegar aðgerðum vegna kórónuveirufaraldursins lýkur, segist vera að læra að sætta sig við aðstæðurnar en vissulega hafi hún farið í gegnum dimma dali og erfið tímabil á leiðinni að þeirri sátt.

Texti / Friðrika Benónýsdóttir
Myndir / Unnur Magna

Pað átti sér stað röð kraftaverka sem er þess valdandi að ég er á lífi,“ segir Jóna Elísabet Ottesen sem í byrjun júní í fyrra lenti í mjög alvarlegu bílslysi í Langadal í Húnavatnssýslu, þegar bíll sem hún ók og önnur bifreið rákust saman, hún hlaut mikinn mænu-skaða og lamaðist fyrir neðan brjóstakassa. „Sá fyrsti sem kom að slysinu var erlendur ferðamaður sem var læknir og kunni öll réttu tókin og vissi hvernig á að bregðast við þegar bíll liggur ofan á mann-
eskju. Síðan kom sá sem keyrði aftan á mig og gat lyft bílnum og haldið honum á meðan á björguninni stóð. Auk þess var sjúkrahúsi stöðd á Siglufirði sem þýddi að þeir voru mjög snöggir á staðinn og ég komst mjög fljótt undir læknishendur. Ég var sett í aðgerð á metttíma og læknirinn sagði að það hefði bara munað einhverjum mínútum að ég lifði þetta af.“

Fimm ára dóttir Jónu, Uglu, var með henni í bílnum en slasaðist ekki og Jóna segir það hafa verið eitt kraftaverkið enn að hún skyldi sleppa ósködduð. Það litla sem hún muni sjálf frá slysinu snúist allt um áhyggjur af Uglu.

„Ég man þegar bíllinn flaug út af veginum og svo bara óljóst eftir að hafa legið þarna og fengið hjálp,“ útskýrir Jóna. „Mín helsta minning frá slysinu er hvað ég hafði miklar áhyggjur af Uglu, en hún fékk sem sagt varla skrámu. Á slyssað var Uglu bjargað út um toppplúgunu á bílnum og kona sem þekkir til okkar hlúði að henni inni í sínum bíl á meðan það var verið að bjarga mér.“

Jóna lá í öndunarvél á gjörgæslu í fimm vikur milli heims og helju en auk mænu-skaðans hafði hægra lungað fallið saman sem hún segir algengt við svona mikinn mænu-skaða. Hún er lömuð fyrir neðan brjóst og niður úr, en hefur mátt í höndunum. Tím-inn á gjörgæslu er þokukennur enda var henni haldið sofandi lengi, en hún er viss um að fyrsta hugsun hennar þegar hún vaknaði hafi snúist um hvort allt væri í lagi með dóttur hennar.

„Það var klárlega það fyrsta sem ég hugsaði þótt ég hafi kannski ekki getað komið því frá mér,“ segir hún. „Eftir að ég losnaði úr öndunarvélinni fékk ég talventil sem ég gat þó ekki byrjað að nota fyrr en tveimur til þremur vikum seinna og gat því eiginlega ekkert talað og það litla sem ég gat sagt skildist illa. En þegar ég gat svo loksins talað við fólkið mitt hófst þetta ferli að meta stöðuna og skoða hvaða kostir væru í boði.“

Brotnaði niður þegar hún kom á Grensás

Hvernig hefur Uglu og ykkur fjölskyldunni gengið að komast í gegnum þessa mánuði síðan slysið varð? „Við mæðgur höfum alltaf verið mjög nánar og tengdar, eins og mæðgur geta verið,“ segir Jóna. „Ég var lengi á gjörgæslunni og hún var að koma þangað. Þar var auðvitað allt frekar ógnvekjandi,

”

**Læknir-
inn sagði
að það
hefði bara
munað
einhverj-
um mín-
útum að ég
lifði þetta
af.**

slöngur og tæki út um allt, ég með mikla verki og það þurfti að vera fjarlægð á milli okkar lengi. Hún er bara svo mikið ljós að hún hefur allan tímann horft á lausnirnar og séð það jákvæða og þannig varð hún krafturinn minn líka. Ég fann jákvæðu orkuna hennar og reyndi að sjá það góða með henni. Þetta breyttist hægt og rólega, eitt skref í einu, mér fór að líða betur og við náðum að tengjast aftur, þannig að hún fór að þora að koma upp í fangið á mér eftir að ég losnaði við allar þessar slöngur og varð hæfari í að taka á móti henni.“

Jóna var flutt á endurhæfingardeildina á Grensá í byrjun ágúst og hún segir að það hafi markað þáttaskil fyrir Uglu en jafnframt orðið til þess að hún sjálf gerði sér grein fyrir alvarleika skaðans og sökk ofan í þunglyndi. „Fyrir Uglu var Grensás eins og fyrirheitna landið sem við höfðum verið á leiðinni til,“ segir hún og brosir við minninguna. „Um leið og við komum hingað klæddi hún sig í kjól og hækkaði í græjunum og fannst að nú gæti partíð byrjað. Nú gætum við haldið áfram með lífið. Eftir að ég kom á Grensás hófst hins vegar minn svartasti tími. Þá varð þetta svo raunverulegt. Ég var komin á endurhæfingardeild og vissi að ég þyrfti að dvelja þar næstu mánuði og gæti ekki verið heima hjá Uglu og mannum mínum Steingrími Inga Stefánssyni, sem mér fannst mjög erfitt. Ég væri sem sagt komin í endurhæfingu sem í rauninni snerist bara um það að ég væri að fara að styrkja á mér hendurnar og styrkja mig andlega, en ég væri mjög líklega ekki að fara að geta gengið aftur. Svartasti dagurinn í öllu þessu ferli var fyrsti dagurinn á Grensás. Umhverfið hér er heldur ekki upplifandi, allt grátt, gamaldags og úr sér gengið og það var erfitt fyrir mig að ná mér upp úr þessum dimma dali sem ég var komin í. Ég hef samt haldið áfram að berjast, haldið áfram í endurhæfingu og sem betur fer létti á endanum til og ég er búin að ná mér upp úr þessu og læra að vinna í stöðunni eins og hún er. Ingi hefur staðið þétt við bakið á mér í gegnum þetta allt saman og verið duglegur að draga mig út úr þessum dimma dali. Hann hefur verið alveg stórkostlegur í öllu þessu ferli og ég veit ekki einu sinni hvar ég á að byrja á að dásama hann. Hann hefur verið minn stærsti klettur í þessu öllu saman.“

Purfti sjálf að biðja um sálfræðiaðstoð

Jóna gagnrýnir skort á andlegri aðstoð fyrir fólk í hennar aðstæðum. Aðeins einn sálfræðingur sinni öllum sjúklingum á Grensás og hún segir að það sé eiginlega undir hverjum og einum sjúklingi komið að leita sér andlegrar aðstoðar.

„Já, það er mjög skrytið að það sé ekki gripið betur utan um svona einstaklinga sem detta ofan í dimman dali og eiga svona erfitt,“ segir hún. „Það er helsti gallinn á kerfinu. Þegar ég var á gjörgæslunni þurfti ég til dæmis að biðja um sálfræðinginn, sem mér fannst mjög skrytið. Sjúkrahúspresturinn hélt hins

vegar vel utan um fjölskylduna mína og hjálpaði þeim yfir erfiðasta áfallið, sem var mjög jákvætt, en hann er auðvitað ekki sálfræðingur. Mér finnst ennþá undarlegt að hafa ekki fengið betri sálhjálp strax í upphafi og í gegnum allt þetta ferli hef ég áttað mig á því að því er mjög ábótavant að til staðar sé einhver sem passar upp á sálræna aðstoð. Nú er ég búin að vera hér á Grensás í tæpa níu mánuði og það helsta sem mér finnst vanta hér er hugleiðsla og slökun en ég hef sem betur fer getað sótt mér það sjálf. Ég hef marga engla í kringum mig og vinkonur mínar hafa komið og verið með hugleiðslu fyrir mig, fundið fyrir mig nuddara sem hentar mér og sent mér möntrur og svo framvegis. Það hefur bjargað mér í gegnum þetta tímabil, því það fylgir því mikill einmanaleiki að liggja svona lengi inni á stofnun. Það er í rauninni engin afþreying hérna fyrir utan sjúkrahjálfun og iðjuþjálfun, þar fyrir utan glápir fólk bara upp í loftið eða horfir á sjónvarpið.“

Fyrir slysið starfaði Jóna sem viðburðastjóri og framleiðandi og er meðal annars einn stofnandi og skipuleggjandi fjölskylduhátíðarinnar Kátt á Klambra, en ákveðið hefur verið að sú hátíð fari ekki fram í sumar. Jóna er þó harðákveðin í að endur-vefja hátíðina þegar heilsan leyfir, en fyrst á dagskrá er að komast heim í nýja húsið sem fjölskyldan hefur fest kaup á.

Jóna segist þó ekki vita hversu lengi í viðbót hún þurfi að vera á Grensás, kórónuveiran hafi sett strik í þann reikning og hún sé eiginlega bara að bíða eftir að þetta ástand gangi yfir til að geta flutt.

„Við náttúrlega þurftum að selja húsið okkar því aðstæður þar voru ekki hentugar fyrir mig,“ útskýrir hún. „Við erum búin að finna okkur nýtt heimili sem verið er að byggja og ég gæti í raun og veru kannski verið farin héðan fljótlega og haldið endurhæfingunni áfram á dagdeild, en það er flókið ferli. Þá þarf ég að fá heimahjúkrun og aðstæðurnar þurfa að vera alveg fullkomnar til að ég fái að fara heim.“

Orðin æfð í því að vera ein með sjálfri sér

Aðgerðirnar vegna kórónuveirunnar hafa haft áhrif á fleira en væntanlega heimferð, strangar reglur eru um heimsóknir til sjúklinganna á Grensás.

„Ég hafði fengið að fara heim í helgarleyfi nokkrar helgar,“ útskýrir Jóna. „Við höfum látið það ganga þó svo að það þurfi að bera mig upp tröppur og ég geti ekki mikið aðhafst þar. Kærastinn minn er orðinn þjálfaður í að bera mig í og úr stólnum og við látum þetta ganga upp enda er það rosalega mikil vítamínsprautu að komast heim og vera með fjölskyldunni í þeim aðstæðum. En þegar við vorum loksins komin á þann stað að heimferð í helgarfrí var orðin gulróttin sem kom manni í gegnum dagana lokaðist sá möguleiki þegar veiran kom. Ég myndi ekki segja að ég væri í sérstökum áhættuhópi vegna smitunar á Covid-19, en hér eru auðvitað alls konar sjúklingar og það þarf að vernda okkur öll.“





Viðtalið

JÓNA ELÍSABET OTTESEN



Ég er þakklát fyrir lífið sem ég átti fyrir slysið en nú bíða mín önnur verkefni og ég þarft að finna minn takt og mína rödd.

Fyrir slysið starfaði Jóna sem viðburðastjóri og framleiðandi og er meðal annars einn stofnandi og skipuleggjandi fjölskylduhátíðarinnar Kátt á Klambra, en ákveðið hefur verið að sú hátíð fari ekki fram í sumar. Jóna er þó harðákvæðin í að endurvekja hátíðina þegar heilsan leyfir.

Spurð hvort vistmenn á Grensá séu óttaslegnir vegna veirufaraldursins segir Jóna að hún hafi ekki orðið vör við það. „En maður er auðvitað dálítið fastur í sinni búbbli í sínu bataferli hérna og síðan þetta kom upp höfum við verið í hálfgerðri einangrun hérna, svo ég veit það ekki almennilega,“ útskýrir hún. „Við erum hérna í hálfgerðu fangelsi, getum hvorki farið neitt né fengið fólk í heimsókn, en ég myndi ekki segja að fólk væri hrætt og starfsfólkið, eins og annað heilbrigðisstarfsfólk, tekur þessu með sinni einstöku ró.“

Óttastu ekkert að þessi félagslega einangrun sem kórónuveiran veldur eigi eftir að leggjast þungt á þig? „Ég er orðin mjög æfð í því að vera ein með sjálfri mér og hafa ofan af fyrir mér,“ segir Jóna með stóískri ró. „En ég er samt auðvitað orðin langþreytt á því og með heimsóknabanninu sér maður hvað heimsóknir frá fjölskyldu og vinum skipta miklu máli þegar maður er inni á svona stofnun, en ég tek bara einn dag í einu og reyni að hugsa ekki um það. Ég heyrir í fjölskyldunni minni á hverjum degi á Facetime en það jafnast ekki á að við það að geta hitt dóttur mína og knúsað hana.“

Yndislegt starfsfólk vinnur við ömurlegar aðstæður

Talandi um heilbrigðisstarfsfólk, hvernig er þín reynsla af því í gegnum þetta ferli? Er þetta eins stórkostlegt fólk og af er látið? „Já, ég myndi segja að það sé setningin sem kemur fyrst upp í hugann að þrátt fyrir glataðar aðstæður í heilbrigðiskerfinu og öllum stofnunum þá er það fólkið sem vinnur þar sem heldur kerfinu uppi,“ segir Jóna eftir smá-umhugsun. „Þetta fólk vinnur myrkranna á milli og gefur sig hundrað prósent í starfið. En maður finnur samt fyrir fjársveltinu um leið og maður kemur inn á spítala og það verður auðvitað til þess að starfsfólkið er þreytt og metnaðurinn dampast vegna þess að fólk er bara að gera það sem þarf að gera en hefur engan tíma til að vera skapandi eða gera eitthvað auka. Hér í endurhæfingunni er oft undirmanað og meira að segja það að fá andlitskrem og body lotion er álitíð dekur, það liggur við að starfsfólkið hafi ekki tíma til annars en bursta tennur okkar og gefa okkur að borða, allt annað er lúxus sem er náttúrulega fátíðlegt. En allir sem vinna hérna eru alveg yndislegir og gefa svo sannarlega af sér og sýna sjúklingunum hlýju, þrátt fyrir þessar ömurlegu aðstæður. Ég gæti síðan talað lengi um sjúkrahúsið og iðjuþjálfun þar sem mér finnst vanta 2020-áferðina. Um leið og ég slasaðist svona fór systir mín að skoða það sem er að gerast í þessum málum úti í heimi þar sem notast er við nútímalegri tæki og aðferðir sem gagnast fólki með skaða eins og ég er með en slíkar framfarir kalla á stærra húsnæði og meira fjármagn. En, eins og ég sagði, þá er starfsfólkið frábært og gerir allt sem það getur fyrir mann.“

„Kannski gerist eitthvað nýtt í dag“

Spurð hvort hún hafi velt því fyrir sér að fara í meðferð einhvers staðar erlendis segir Jóna að vissulega hafi hún skoðað þann möguleika. „Ég velti því alveg fyrir mér og skoðaði það en svo ákvað ég að gefa mér tíma og vera hundrað prósent á staðnum hérna,“ útskýrir hún. „Það hentaði mér alls ekki að fara að rífa mig eitthvert burt, bæði út af fjölskyldunni og ég hef líka verið það veikburða fram að þessu að það hefur ekki komið til, en ég er að styrkjast og hef verið að skoða möguleika á annarri endurhæfingu í framhaldinu. Í heimsástandinu núna stoppar sú þæling auðvitað í bili, en ég hef verið að tala við lækna í Svíþjóð sem eru í samstarfi við Grensás um að fara í aðgerð sem tengir vöðva þannig að ég gæti öðlast möguleika á að fá smávegis kraft í úlnliðinn sem myndi valda því að ég gæti fengið smágrip í fingurna. Það samtal átti að halda áfram núna í apríl og þá jafnvel með það fyrir augum að fara í þá aðgerð í sumar, en núna tekur maður bara eitt skref í einu og passar sig að fara ekki fram úr sér í neinu. Eitt af framtíðarþlönunum er að fara til Nepal og hitta sjúkrahjálpara sem heitir Raúl og er algjör gúru. Hann kom til Íslands fyrir ári síðan og við erum mjög spennt að hittast. Hann er svona kraftaverkamaður og auðvitað trúir maður líka á kraftaverk á hverjum degi. Ég held það líði ekki sá dagur sem fyrsta hugsunin mín þegar ég vakna er ekki hvort eitthvað nýtt gerist kannski í dag á sama tíma og ég held áfram að takast á við aðstæðurnar.“

Þegar þú horfir yfir þennan tíma síðan slysið átti sér stað, hvað situr sterkast eftir í huganum? „Það er náttúrulega ferðalag fjölskyldunnar,“ segir Jóna. „Við höfum þurft að fara í gegnum þetta mikla áfall og yfir í það að þurfa að vera jákvæð og sterk og standa saman. Fólkið í kringum mig hefur hjálpað mér gífurlega og allir lagst á eitt við að byggja veginn fyrir mig svo ég komist heim. Ég held ég hafi verið þínulítil áminning fyrir þau að taka lífinu ekki sem sjálfsgöðum hlut og að við getum öll gert ýmislegt til að breyta og bæta ýmsa hluti í lífi okkar. Sterkasta tilfinningin er samt sú að það er ég sem er í þessu verkefni, það er ég sem þarf að standa með sjálfri mér og það er ég sem þarf að halda áfram og passa upp á mitt sálartetur. Það er langtímaverkefnið sem ég þarf að takast á við og ég hlakka bara til þess.“

„Nei, ég verð að geta dansað“

Þegar ég spyr Jónu hvort hún sé bitur yfir aðstæðum sínum tekur hún sér góðan tíma til að hugsa sig um áður en hún svarar. „Ég er alls ekki bitur,“ segir hún. „Ég er búin að fara í gegnum það ferli að hugsa ef, ef ef og allt það. Örugglega mun taka langan tíma að sætta sig við þetta, þetta er það mikil breyting og erfiðast hefur verið að horfast í augu við móðurhlutverkið í þessum breyttu aðstæðum. Allt frá því að hugsa um hvort ég geti greitt á Uglu hárið aftur,

Söfnunarreikningur og danshátíð



Töluvert var fjallað um slysið í fjölmiðlum í fyrrasumar, sérstaklega eftir að vinir Jónu stofnuðu söfnunarreikning fyrir hana til að létta undir með fjölskyldunni í endurhæfingarferlinu. Meðal annars efndu þeir til dans- og barnahátíðarinnar Kátt í Kramhúsinu og allur ágóði af samkomunni rann óskertur inn á reikning Jónu. Sömu vinir tóku síðan að sér að sjá um framkvæmd hátíðarinnar Kátt á Klambra í fyrrasumar, en Jóna er ein af stofnendum hátíðarinnar og skipuleggjandi hennar og segist líta á hátíðina sem hitt barnið sitt og hún stefni að því að Kátt á Klambra verði haldin aftur næsta sumar. Sömmuleiðis hljóp fjöldi vina hennar Reykjavíkumaraþon í ágúst í fyrra í hennar nafni og tókst að safna töluverðri upphæð.

knúsað hana fast eða hoppað með henni um fjöll og firnindi eins og við vorum vanar að gera.

Það allra erfiðasta var samt kannski þegar ég áttaði mig á því hver staðan er, það er erfiðt að vera í þessari stöðu og þurfa að biðja um aðstoð við allar athafnir; að fá sér kaffisopa, farða sig, setja símann sinn í hleðslu og svo framvegis. Fyrir manneskju eins og mig, sem hefur alltaf verið mjög sjálfstæð, er þetta mjög stór þáttur í því hvað manni finnst erfiðt að vera í endurhæfingu. Sömmuleiðis að þurfa alltaf að vera að biðja fólkið sitt um að hjálpa sér og horfa fram á að þetta sé það sem ég muni alltaf þurfa á að halda. Ég þarf að vera duglegri við að æfa mig í því að biðja um hjálp. Ég hef alltaf verið mjög virk líkamlega, haft gaman af því að dansa og hreyfa mig, hef eiginlega stundum dansað mig í gegnum lífið. Ein fyrsta hugsunin eftir að ég gerði mér grein fyrir hversu mikill skaðinn er var: nei, ég verð að geta dansað! Ég veit að ég mun ekki geta dansað eins og ég gerði en nú er ég að finna út úr því hvernig ég get dansað öðruvísi, þótt það sé kannski bara í huganum. Í þessu ferli þá snýst biturleikinn samt kannski aðallega um að sjá eftir því að hafa ekki notið ýmissa hluta áður en ég slasaðist. Af hverju var ég að velta mér upp úr einhverjum hlutum sem eru svo ómerkilegir eða svo einfaldir þegar maður horfir til baka. Af hverju er maður að flækja fyrir sér lífið og nýtur ekki betur hvers dags sem maður fær? Það er svo margt sem maður ætlar alltaf að gera seinna. Ég bý hins vegar svo vel að eiga svo jákvæðan mann að hann hefur alveg náð mér úr þessum biturleikahugsunum og segir bara að við eigum eftir að njóta þess sem við gerum enn þá betur núna og rækta garðinn okkar enn betur. Og þó svo að við getum ekki eignast annað barn þá eigum við þessa yndislegu dóttur sem er algjört kraftaverk. Það er númer eitt, tvö og þrjú að minna sig á það kraftaverk að maður sé á lífi og þó að ég geti ekki dansað eða hoppað eða verið sú sem ég var þá þarf maður að læra að sjá fegurðina í öðrum hlutum.“

Fólk sem ekki hefur upplifað það að verða hreyfihamlað á stundum erfiðt með að trúa því þegar fólk sem hefur orðið fyrir hreyfiskaða segist vera sátt við stöðu sína. Heldur Jóna að það sé hægt að verða fullkomlega sáttur við sína stöðu eftir að hafa lent í svona áfalli? „Já, ég held það,“ segir hún án þess að hika. „Ég held að það hafi bjargað lífi mínu að ég hef alltaf getað stundað jóga og hugleiðslu. Ég hef gengið í gegnum mjög margt í lífinu og eftir að ég lenti í slysinu var fólk stöðugt að segja mér hvað ég væri mikill nagli, sem ég þoldi stundum ekki. Ég veit samt innst inni að ég er nagli og ég ákvað að komast í gegnum þetta. Auðvitað hef ég brotnað og grátið og hugsað; ég vil ekki lífa svona, en sem betur fer á maður í huganum einhverja aðra hugsun og einhvern annan kraft sem maður vill frekar leita til. Ég hef sem betur fer alltaf náð því og ætla að halda í þann kraft. Ég er þakklát fyrir lífið sem ég átti fyrir slysið en nú bíða mín önnur verkefni og ég þarft að finna minn takt og mína rödd. Ég ætla að halda áfram að sinna verkefnum tengdum Kátt á Klambra, fjölskyldunni minni, vinum mínum og sjálfri mér.“





Rúbín - gersemi í amstri dagsins
kaffi



Innlent
LEIÐARI

Hefnd Agnesar

Eftir / Reyni Traustason

slenska Þjóðkirkjan hefur mörg undanfarin ár átt undir högg að sækja. Vaxandi óvinsældir snúast ekki síst um æðstu stjórn sem hefur ástund að yfirhylmingar á brotum presta og lagt aðra í einelti. Ólafur Skúlason biskup varð uppvís að því að áreita konur sem sumar leituðu til hans í neyð. Þórir Stephensen dómkirkjuprestur hafði misnotað stúlkubarn á námsárum hans. Systir stúlkunnar varð vitni að atvikum. Séra Þórir komst upp með það í meira en hálfa öld að svara ekki fyrir syndir sínar. Konan sem varð fyrir illmennskunni barðist árum saman fyrir því að fá afsökunarbeiðni prestsins. Stígamtótt áttu engin úrræði. Kirkjan þagði þunnu hljóði. Það var ekki fyrr en Unnur Guðjónsdóttir hóf baráttu fyrir hönd konunnar að mál komust á hreyfingu. Unnur hafði leitað með málið til kirkjunnar en án árangurs. Loks leitaði hún til séra Skírnis Garðarssonar, prests í Lágafellssókn. Skírni brást við eins og sönnum sálusorgara sæmir og skrifaði bréf til Fagráðs kirkjunnar og krafðist svara um stöðu mála konunnar. Uppnám varð við bréf prestsins sem þarna beitti sér beinlínis í máli sem snéri að kollega innan kirkjunnar. Einhverjir urðu til þess að bölvast prestinum fyrir að svíkja lit. En bréfið varð til þess að hreyfing komst á málið. Lyktir þess urðu að séra Þórir Stephensen játaði brot sitt.



Fimm árum eftir að Fagråd kirkjunnar tók á málinu varð furðuleg uppákoma að tilstuðlan biskups. Presturinn seki og fórnarlambið komu saman til sáttafundar. Séra Þórir baðst þar fyrirgefningar á athæfi sínu sem í raun er ófyrirgeflegt. En þrátt fyrir að brotið lægi fyrir var hann ekki gerður brottrækur af starfsvettvangi kirkjunnar. Nokkrum árum eftir sáttafundinn var hann enn að vinna prestverk. Það var ekki fyrr en fjölmiðlar komust á snoðir um það að Agnes biskup tilkynnti að séra Þórir ynni ekki framar fyrir kirkjuna.

Agnes biskup brá aftur á móti skjótar við þegar hún fékk höggstað á séra Skírni. Presturinn hafði lent í nokkrum ógöngum þegar hann átti í samskiptum við konu sem hann taldi sigla undir fölsku flaggi í leit að neyðaraðstoð kirkjunnar. Það mál varð til þess að hún klagði prestinn til Persónuverndar fyrir að hafa grafið fyrir um fortíð hennar. Undirmenn Agnesar í Lágafellssókn brutust inn í pósthólf prestsins og framsendu pósta á Biskupsstofu. Séra Skírni klagði til Úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar sem lýsti kirkjunnar menn seka um innbrotið. Persónuvernd var sama sinnis og tók ekki undir klögumálið á hendur prestinum sem þannig var saklaus af því að brjóta trúnað við sóknarborn sitt. Samt hrakti Agnes Skírni úr sókninni og sendi hann í annað og veigaminna embætti.

Sóknarbornið, sem á sínum tíma sótti um styrk á vafasömum forsendum, náði að koma sér inn í bakvarðasveit vegna kórónufaraldursins án þess að hafa til þess tilskilin starfsréttindi sem sjúkraliði eða hjúkrunarfræðingur. Séra Skírni sá hana í fréttum og honum brá. Hann sagði Gylfa Ólafssyni, forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, frá því að konan væri varasöm. Svo varð Skírni á að segja frá upplifun sinni í viðtali við fjölmiðil. Þá var tækifæri biskups komið. Agnes reiddi til höggs og lýsti séra Skírni útlægan frá störfum í þágu kirkjunnar. Engin áminning, engin vægð. Uppljóstraranum hafði verið refsað. Hefndin var komin.




Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi Mage** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn.

- Fríða Britt Bergsdóttir

 www.abelheilsuvorur.is



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



Óvenjuleg vandamál kalla á óvenjulegar lausnir

Nú eru margir búnir að átta sig á því að kórónuveirufaraldurinn sé að leiða af sér eina mestu efnahagskrísu í meira en öld, jafnvel þá almeistu. Bretar gera nú ráð fyrir að niðursveiflan verði sú mesta í meira en 300 ár, eða frá árinu 1709. Það ár var frost langt fram á sumar um alla Evrópu (nema á Íslandi), því fylgdi svo veirufaraldur og loks hungursneyð.

Sem betur fer erum við betur í stakk búnir til að takast á við hamfarir nú en á öldum áður en þó sýnir kórónuveirufaraldurinn hversu berskjölduð við erum fyrir duttlungum náttúrunnar.

Þótt efnahagsleg niðursveifla nú verði sú mesta í 100 eða jafnvel 300 ár er ekki þar með sagt að kreppan verði eins langvarandi og margar þeirra sem riðið hafa yfir á þeim tíma. En þá skipta viðbrögðin sköpum. Mörg dæmi eru um að viðbrögðin við krísuástandi hafi valdið meira tjóni en sjálf krísan.

Nú þurfa stjórnvöld um allan heim að grípa til ráðstafana sem taka mið af umfangi vandans og eru til þess fallnar að leysa hann, eða að minnsta kosti milda áhrifin eins mikið og hægt er. Engin laus

verður fullkomin en gölluð ráð í tíma tekin skila meiri árangri og kosta minna en hárrétt ákvörðun sem tekin er þegar það er orðið of seint.

Óvenjuleg vandamál kalla á óvenjulegar lausnir og fordæmalaus vandamál kalla á fordæmalausar lausnir. Sem betur fer búum við Íslendingar að þeirri reynslu að hafa, fyrir aðeins fáeinum árum, leyst fordæmalausand vanda með fordæmalausum lausnum. Aðferðirnar sem notaðar voru til að taka á skuldavanda íslenskra heimila og gera upp bankahrunið höfðu aldrei verið reyndar áður. En þær voru sniðnar að vandanum, umfangi hans og eðli. Afraksturinn varð mesti og hraðasti efnahagslegi viðsnúningur sem nokkurt ríki hefur náð, a.m.k. í seinni tíma sögu.

Sá árangur gerir okkur nú betur kleift en flestum öðrum ríkjum að takast á við hina nýju krísu. Sú laus

- verður að byggjast á því að vernda fyrirtæki og störf svo að hagkerfið geti verið fljótt að ná fyrri styrk þegar aðstæður leyfa. Slíkar aðgerðir verða dýrar en til lengri tíma litið yrði miklu dýrara að nýta ekki þau úrræði sem við höfum.

- Ef hagkerfi heimsins hefðu verið sjálfbær hefði verið hægt að setja þau í dvala til skamms tíma og endurvekja þau svo aftur án þess að það leiddi til langvarandi kreppu.

- Hættan er sú að of miklir veikleikar hafi safnast upp of lengi og ástandið nú leiði þá í ljós með öllum þeim afleiðingum sem það hefði. Nefna mætti veika stöðu margra evrópskra banka (sem aldrei hafa

- almennilega tekið á áhrifum fjármálakrísunnar eftir 2007), veika stöðu margra ríkissjóða og jafnvel gjaldþrota velferðarkerfi.

- Sem betur fer er staða okkar betri en margra annarra en þá stöðu þarf að nýta vel nú svo hún verði áfram sterk. Ef svo á að verða duga ekki kerfislusnir. Við þurfum lausnir byggðar á róttækri rökhyggju og það þýðir óvenjulegar lausnir fyrir óvenjulega tíma.


- Höfundur er formaður Miðflokksins.

„Þótt efnahagsleg niðursveifla nú verði sú mesta í 100 eða jafnvel 300 ár er ekki þar með sagt að kreppan verði eins langvarandi og margar þeirra sem riðið hafa yfir á þeim tíma.“

Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarks lengd texta er 450 orð.



Sleggjan



„Lýsir bara (að mínu mati rugluðu) hugarfari að tala um að hið opinbera „taki yfir eignarhald“ á eignum fólks.“

Katrín Atladóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, er hneyksluð á þeirri tillögu Sönnu Magdalenu Mörtudóttur, borgarfulltrúa Sósíalistaflokksins, að borgin taki yfir eignarhald lúxusíbúða, sem standa tómar, á hagstæðu verði, með það fyrir augum að koma þeim sem þurfa mest á húsnæði að halda í húsnæði.



„Ég lenti í því að bróðir eins leikmanns í liðinu ýtti mér upp við vegg, sagði að ég ætti að skipta þessum leikmönnum út eða setja þessar í byrjunarliðið, ef ekki þá ætti ég að bíða eftir afleiðingunum. Þetta voru bara hótanir.“

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari sænska liðsins Kristianstad, rifjar upp tímabil sitt sem þjálfari ÍBV í Vestmannaeyjum.



„Vera má að þvinguð sóttkví og einangrun sjúkra virki vel á búfé, en afar vanhugsað er að beita slíkum refsiaðferðum á sjálfstæða einstaklinga sem gangast sjálfviljugir undir prófanir.“

Jóhannes Loftsson, formaður Frjálslyggujúfélagsins, telur að sú ákvörðun að þvinga fólk í sóttkví muni verða til þess að hagkerfið hryggi.



„Annars er það að fréttu að sóttvarnalæknir heimilisins hefur einnig tekið að sér að vera ritstjóri. Nú hef ég verið settur í tímabundið tjáningarbann, sem tekur gildi á miðnætti, og er bannið sett á grundvelli þeirrar reglu að hafir þú ekkert falllegt og gott að segja, skaltu þegja. Einnig hafði það áhrif á bannið að nú væri ekki rétti tíminn til að vera með leiðindi og skapa úlfúð.“

Brynjar Nielsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um fjölskyldulífið.



„Af hverju heldur ríkisstjórnin „spilunum þétt að sér“ varðandi næstu aðgerðir? Bara svo hún geti trommað upp með lúðrablaestri og söng og deilt og drottnað af náð sinni?“

Illugi Jökulsson rithöfundur.

„Staðan er grafalvarleg og bregðast verður við strax af hálfu stjórnvalda, ef ekki á að fara mjög illa.“



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, um ástand ferðaþjónustunnar vegna COVID-19.

„Takið nú rakettna úr rassinum á ykkur. Takið líka hausinn þaðan út til að þið getið áttað ykkur á heildarmyndinni.“



Sigríður Karlsdóttir, lífsleiknikennari og heilsuráðgjafi, hneykslast á þeim sem ekki virða samkomubann.

Pétur Einarsson

Pétur Einarsson, fyrrverandi hótélstjóri og flugmálastjóri, sem glímur við ólæknandi krabbamein átti góða viku þrátt fyrir sjúkdóminn. Í síðustu viku kvæntist hann sambýliskonu sinni til margra ára, Svanfríði Ingvadóttur, og þessi vika bauð einnig upp á gleðilegar upptakomur. „Þetta er búinn að vera ógnar góður dagur,“ segir Pétur á bloggsíðu sinni. „Hér kom Dóra frá heimilisumönnun Akureyrar. Hún er bæði hlý og hjálpsöm. Svo kom hér glænytt sjúkrarúm handa Gamla hróinu, greitt af Sjúkratryggingum Íslands.“ Pétur þakkar heilbrigðiskerfinu hjartanlega fyrir þjónustuna. „Ég er aldeilis dolfallinn yfir okkar góða heilbrigðiskerfi. Ég á varla til orð yfir því hvað ég er þakklátur og auðmjúkur. Þökk og aftur þökk sé okkar frábæra heilbrigðiskerfi.“ Þegar deginum lauk síðan með bæjarferð og útréttingum eftir langa inniveru var gleðibíkar Péturs fullur. „Ég er eins og nýr maður, því ég hef ekki farið út úr húsi um hríð – ég er alveg búinn að gleyma því að ég sé helsjúkur,“ segir hann í blogginu.



Aðilar í ferðaþjónustu

Ferðabann og heimsfaraldur hefur lagst þungt á aðila í ferðaþjónustu og biðu þeir því spennir eftir öðrum aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar í von um að eitthvað yrði gert til að létta þeim róðurinn. Sú von brást ef marka má skrif ferðaþjónustuaðila í Facebook-grúppunni Bakland ferðaþjónustunnar. Þá lét einn eigenda ferðaþjónustufyrirtækisins Pink Iceland heyra í sér á Facebook vegna málsins. „Niðurstaðan er sú að við megum taka 6 milljón króna lán á ágætis vöxtum,“ segir hann og bendir á að það þýði aðeins eitt, fyrirtækið muni þurfa að segja upp öllu starfsfólkinu og missa þá um leið rétt á þátttöku í hlutabótaleið sem muni ganga að fyrirtækinu dauðu. Fleiri aðilar ferðaþjónustu boða uppsagnir og skipulagsbreytingar til að bregðast við tapi, til að mynda hefur Icelandair boðað miklar uppsagnir um mánaðamótin. Það er því óhætt að segja að vikan hafi ekki beinlínis verið draumavika í ferðaþjónustunni.



FUNGYN | VIÐ SVEPPASÝKINGU Í LEGGÖNGUM

- 1 HYLKI TIL INNTÖKU
 - EIN MEÐFERÐ
 - SKJÓT VIRKNI
 - INNIHELDUR FLUCONAZOLUM
- Fungyn 150 mg hart hylki. 1 hylki í pakka. Inniheldur flukónazol. Ábending: Fungyn tilheyrir flokki lyfja sem kallast sveppalyf. Án ávísunar frá lækni er Fungyn notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida hjá konum, sem áður hafa verið greindar með sveppasýkingu. Einkennin eru meðal annars kláði og sviði í leggöngum og á ytri kynfærum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

FÆST ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

alvogen.is





Innlent
SLÖKKVILIÐIÐ
Í FJARÐABYGGÐ

Einelti, baktal og agaleysi

„Það ríkir mikið agaleysi innan slökkviliðsins, baktal er gríðarlegt og það er illa og allt of oft of seint tekið á málum sem upp koma,“ segir Gísli Þór Briem, fyrrverandi liðsmaður Slökkviliðs Fjarðabyggðar í framhaldi af umfjöllun Mannlífs um kvörtun vegna eineltis innan slökkviliðsins. Hann er ekki einn um þá fullyrðingu, það virðist vera áhyggjuefni margra íbúa sveitarfélagsins að starfsmannamál slökkviliðsins séu í ólestri og Andrea Björk Sigurvinsdóttir, fyrrverandi liðsmaður Slökkviliðs Fjarðabyggðar, er langt því frá sú eina sem lagt hefur fram kvörtun til Vinnueftirlitsins vegna slíkra mála.

Viðtal Mannlífs við Andreu Björk í síðasta tölublaði hefur vakið mikil viðbrögð. Margir hafa haft samband við ritstjórn Mannlífs og þakkað fyrir umfjöllunina, staðan innan slökkviliðsins hafi lengi verið íbúum Fjarðabyggðar áhyggjuefni. Fyrrverandi liðsmaður slökkviliðsins segir einelti og baktal grassera á vinnustaðnum og þrátt fyrir margar kvartanir sé ekkert gert í málinu.

„Ég var samtíða Andreu Björk í slökkviliðinu í nokkrar vikur, hún tók við starfinu mínu þegar ég hætti sumarið 2017, en saga hennar kom mér ekkert á óvart,“ segir Gísli Þór Briem, fyrrverandi liðsmaður Slökkviliðs Fjarðabyggðar, í samtali við Mannlíf. „Það ríkir mikið agaleysi innan slökkviliðsins, baktal er gríðarlegt og það er illa og allt of oft of seint tekið á málum sem upp koma, þau eru látnin grassera afskiptalaust og valda að lokum miklum særindum fyrir þá sem í þeim lenda. Slökkviliðsstjóri hefur sagt að hann vilji að málin leysist af sjálfsdáðum. Fleiri en Andrea hafa hrakist úr vinnunni hjá slökkviliðinu vegna eineltis en það virðist ekki breyta neinu.“

Sagt að þau væru að misskilja hlutina

Andrea Björk lýsti því í viðtalinu að slökkviliðsstjórinn, Guðmundur Helgi Sigfússon, hefði kallað hana á sinn fund til að ræða áreitið sem hún hefði kvartað undan og sagst ætla að gera eitthvað í málinu en ekkert hafi gerst og hann hafi síðan ekkert kannast við það samtal þegar boðað var til sáttafundar milli hennar og þess aðila sem harðast gekk fram í áreitinu. Gísli segir slíkt ekki koma sér á óvart.

„Það virtist ekki vera nein ein regla sem farið var eftir, heldur nokkurs konar henti-stefna í hvaða farveg málin fóru. Munnlegir samningar héldu ekki og fljótlega fór að bera á því að ekki var alltaf sagt satt og oft talað um að við „misskildum“ hitt og þetta,“ segir Gísli.



Viðtal Mannlífs við Andreu Björk í síðasta tölublaði hefur vakið mikil viðbrögð. Margir hafa haft samband við ritstjórnina og þakkað fyrir umfjöllunina, staðan innan slökkviliðsins hafi lengi verið íbúum Fjarðabyggðar áhyggjuefni.

„Mér finnst aðalvandamálið vera vöntun á afgerandi stjórnanda. Þegar þetta atvinnulið var stofnað á sínum tíma var mikill metnaður í öllum til þess að búa til gott og faglegt slökkvilið sem ég tel að það sé, það er gott menntunarstig innan liðsins og það fær mikið lof í samfélaginu fyrir störf sín út á við. Það vantaði hins vegar töluvert á samstöðu innan liðsheildarinnar, þótt flestar vaktir gengju vel.“

Bæjaryfirvöld Fjarðabyggðar skulda mörgum afsökunarbeiðni

Gísli segir rígr milli háttsettra starfsmanna setja mark sitt á andrúmsloftið á slökkvistöðinni.



„Svo virðist sem stjórnslunni hafi lítið fundist til um þetta eða ekki viljað vekja athygli í samfélaginu og ákveðið að láta sem ekkert væri að og styðja sinn mann í einu og öllu,“ segir Gísli Þór Briem, fyrrverandi liðsmaður Slökkviliðs Fjarðabyggðar.

„Þegar liðið var stofnað komu að stjórnun þess þrjár yfirmenn, það er að segja slökkviliðsstjóri, aðstoðarslökkviliðsstjóri og eldvarnaeftirlitsmaður,“ útskýrir hann. Tveir þeir síðastnefndu höfðu verið slökkviliðsstjórar með töluverða reynslu, ný slökkviliðsstjórinn hins vegar var tækni-fræðingur starfandi hjá sveitarfélaginu en hafði enga menntun slökkviliðsmanns. Hann hafði komið nálægt sjúkraflutningum og hafði einhverja reynslu af rekstri, en ég ætla ekki lengra út í þá salma. Við fórum fljótlega að verða varir við að einhver togstreita var á milli þeirra þriggja, alla vega til að byrja með, og fengum svo líka að heyra það frá þeim er lengra leið og þeir töluðu hver um annan á neikvæðan hátt. Þetta varð, að mínu mati, til þess að menn sýndu þeim ekki nægilega virðingu í fyrstu og einnig vantaði fasta stjórnun á hópinn. Ég benti oft á að það vantaði skýrari stjórn, hvort sem mönnum líkaði það betur eða verr. Það voru til dæmis aldrei skipaðir neinir varðstjórar á vaktirnar þannig að það var aldrei skýrt hver réði og hverjum bæri að hlýða í útköllum. Sem var mjög bagalegt. Ég tel að með því að skipa varðstjóra hefði mátt komast hjá mjög mörgum leiðindum sem hafa ekki bara kostað sveitarfélagið mikla peninga, heldur líka sært þá aðila sem þegar hafa hrökklast úr starfi eða verið sagt upp. Þess má að lokum geta að sum þessara mála enduðu inni á borði sveitarstjórnar og eins var reynt að hafa samband við kjörna fulltrúa á þeim tíma sem ég var þarna, en án árangurs. Svo virðist sem stjórnslunni hafi lítið fundist til um þetta eða ekki viljað vekja athygli í samfélaginu og ákveðið að láta sem ekkert væri að og styðja sinn mann í einu og öllu. Þetta ágæta fólk skuldar að mínu mati mörgum afsökunarbeiðni.“

Trúnaðarmaður vinnustaðarins meðal gerenda

Auk fjölda tölvupósta og símtala frá fyrrverandi og núverandi starfsmönnum Slökkviliðs Fjarðabyggðar og almennum íbúum sveitarfélagsins, þar sem lýst er miklum áhyggjum af ástandinu innan slökkviliðsins og hvernig forystufólk sveitarfélagsins taki á þeim málum, hefur Mannlíf undir höndum afrit af kvörtunum sem starfsmenn Slökkviliðs Fjarðabyggðar hafa sent Vinnueftirlitinu og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Þar koma fram nokkurn veginn nákvæmlega sömu umkvörtunarefni og Andrea Björk sagði frá í viðtalinu við Mannlíf og byggði sína kvörtun á, en í viðtalinu sagði hún meðal annars:

„Það var alveg sama hvað ég gerði, það var mikið grínast með það á stöðinni hvað ég væri vanhæf. Ég var sökuð um að reyna að koma mér undan erfiðum æfingum í náminu með því að velja mér félag sem væri sterkur svo ég þyrfti ekkert að gera og svo framvegis. Ég var meira að segja

sökuð um að hafa tábrotið mig viljandi í líkamsrækt til að sleppa við erfiðu æfingarnar. Það gekk eiginlega bara allt út á það hjá þessum aðilum að finna eitthvað á mig. Ég til dæmis óskaði eftir sálgaeslu eftir mjög erfitt útkall og það þótti afskaplega fyndið og mikill aumingjaskapur.“

Í einni skýrslu þar sem slökkviliðsmaður í Slökkviliði Fjarðabyggðar skilgreindir umkvörtunarefni sín vegna eineltis fyrir Vinnueftirlitinu og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna segir:

„Hringt á fyrrverandi vinnustað og fengnar upplýsingar um hans getu og hvaða viðurnefni hann gengi undir. Gert mikið grín að viðurnefni.“

Baktal að öllu leyti. Reynt að finna eitthvað sem þolandí gæti hafa gert rangt og hann tekinn fyrir í baktali. Honum er kennt um allt sem er ekki gert rétt, gerendur láta aðra starfsmenn vita að þolandí er óhæfur.“

Andrea Björk lýsir því einnig hvernig yfirmenn hennar hafi tekið á kvörtunum hennar:

„Ég var búin að senda yfirmanni yfirmanns míns, það er að segja þáverandi starfsmannastjóra Fjarðabyggðar, póst um ástandið og setjast á fund með honum og ræða málið. Náttúrulega var öllu fögru lofað og talað um hvað það væri frábært að hafa konu í stéttinni og að hann ætlaði að gera allt til þess að laga stöðuna. Ég ítrekaði erindið nokkrum sinnum við starfsmannastjóra Fjarðabyggðar en smám saman hætti hann að svara og samskiptin fjöruðu út án þess að nokkuð væri gert. Þannig að þetta var bara orðið ókleift fjall sem ég réði ekki við.“

Í kvörtun annars liðsmanns Slökkviliðs Fjarðabyggðar segir:

„Ítrekaðar ábendingar og kvartanir til yfirmanna vegna eineltis og baktals sem gerendur stunda ítrekað. Gert lítið úr ábendingum og ekkert gert í málinu.“

Í skýrslunni eru gerendur nafngreindir og fram kemur að annar þeirra er öryggis-trúnaðarmaður á vinnustaðnum og því ekki unnt að leita til hans sem trúnaðarmanns til að reyna að leysa málið. Einnig kemur fram að trúnaðarmaður stéttarfélags starfsmannsins njóti ekki trausts hans og því engin hjálp í honum heldur. Starfsmenn slökkviliðsins upplífi því engan stuðning innan vinnustaðarins og fái ekki lausn sinna mála hjá stjórnendum í bæjarfélaginu.



Guðmundur Helgi Sigfússon, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Fjarðabyggðar.

Slökkviliðsstjóri hefur ekki tjáð sig um málið

Mannlíf hafði samband við slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Fjarðabyggðar, Guðmund Helga Sigfússon, og leitaði viðbragða hans vegna málsins. Guðmundur hafði ekki svaraði erindinu þegar blaðið fór í prentun.

Hér að neðan er tölvupóstur sem var sendur á hann.

Sæll aftur Guðmundur,

við erum með smáviðbót við það sem fram kom í viðtalinu við Andreu Björk í blaðinu á föstudaginn. Rætt við fleiri fyrrverandi liðsmenn Slökkviliðs Fjarðabyggðar og vitnað í kvartanir til Vinnueftirlitsins í áþekktum málum o.s.frv.

Þar kemur fram að einelti sé viðvarandi vandamál innan slökkviliðsins og að stjórnendur liðsins og bæjarfélagsins geri lítið til að taka á slíkum málum.

Viltu tjá þig eitthvað um þær fullyrðingar eða viltu halda þig við fyrra svar um að þér sé ekki heimilt að tjá þig um mál einstakra starfsmanna?

VILDARKORT



- FÁÐU MEIRA

Allir kaupendur og seljendur hjá Lind fasteignasölu

fá **VILDARKORT LINDAR**

sem veitir **30% AFSLÁTT**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



DORMA



Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina þína á **FASTLIND.is**



LIND Fasteignasala
**Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta**

**VIÐ BJÓÐUM HAGSTÆTT
VERÐ Í PRENTUN FYRIR
FJÖLPÓSTINN ÞINN!**

Tryggðu fyrirtæki þínu
lestur á fjölpósti með
Mannlífi alla föstudaga.

Þú tryggir um leið þínu
fyrirtæki góðan lestur
og dreifingu.



MANNLÍF
SKEMMTILEGRA HELGARBLAÐ

auglysingar@birtingur.is



Afþreying

KROSSGÁTA

		SKORÐA FAST	VOLA	FRÁ	BÓLA		ATVIKAST	STEIN- TEGUND	FORLAGA	BÓMA	SPAUGI- LEGA
								KRYDD- BLANDA GÆLUNAFN			
				KLÆKUR VÍSUDU							
							SPIL SMYRSL				
								FJALLA- SKARÐ MAKA			
	↓	SVÍFA	MÖNDULL	KARL			TERTA HVÆSA				LEIFTUR
ÞÍÐVÍÐRI					FRÁFALL GÖSLA					SKÓLI HÖTUN	
LYFTIST				SKIPULAG ÁFORM				LÁGFÍÐLA BOLUR			
SPRIKL			OFSI KYRRA			UPPNÁMS HÁR					STEFNA
KROPP				ÖBUNDIÐ SKYNJJA				SKRAMBI JAFN- INGUR			
		ÖLDU- GANGUR PILLA				LAND Í ASÍU SPYR			SUSS GORT		
STÓLPI					Á FÆTI ÖFUG RÖÐ		OFFUR SÁLAR				TAKA
ÁTT			GAS- TEGUND SVIF			SVARA BYLGJA				Í RÖÐ AFGANGUR	
UPP- HRÖPUN				ÚT ANGRA			KJÁNI ANGAN				DRULLA
HEILAN					SÚREFNI Í RÖÐ			ÁVÖXTUR SKYLDIR			
SAM- SKEYTI						HNIGA			SVELG		
DRAGA				SÓLUNDA			MÆLI				

Létt				Miðlungs				Erfið					
5		4			4		3	5	3	9			
	3	5		8	4		7	1	2				
	1	7	3	2	8			4			9	6	4
		1	5	7		1	9	8		4	6		
5				1			9	2					8
		6	9	2		2	6		1	9	5		2
1	8	6	9			6					1		
7	9		5	1		4	9	1		3			
		2		7		5		9					

Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.



1 Biskup rak séra Skírni Gardarsson úr embætti í annað sinn. Fyrir hvaða sakir?



2 Steinunn Þórhallsdóttir er nýr framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins. Hvaða starfi gegndi hún áður?



3 Framkvæmdastjóra Kvennaathvarfsins hefur lýst yfir áhyggjum vegna aukins heimilisofbeldis. Hvað heitir hún?



4 Hjónin Sigrún Bender og Baldur Rafn Gylfason, eignuðust barn í byrjun apríl. Hvort áttu þau son eða dóttur?



5 „Ég ætlaði að vera poppstjarna, en er bara prjónakona.“ Hvaða söngkona mælti svo?

Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu

Nú er rétti tíminn til að fara í byggingarframkvæmdir og nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og kostur er!

Íslensk hönnun íslensk framleiðsla.

Húseining býður einingahús við verksmiðjudyrd með ákominni láréttri álbáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.** Húsin eru fljótrest þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánshæf fyrir.



Sól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins
108.200 kr.
pr/m² m. vsk



Sól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru heilsárshús, útveggir eru byggðir úr styrktarflokkuðu timbri 45x145mm, steinull er 145mm, rakavarnarlag ásamt lagnagrind fylgir með. Þakvirki er byggt úr uppteknum kraftsperrum sem eykur lofthæðina til muna. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins
108.200 kr.
pr/m² m. vsk



Klassik einbýlishús 100-400m²

Klassik einbýlishús með láréttri álbáru við verksmiðjudyrd er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verksmiðju á byggingastað sem við lánnum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins
114.200 kr.
pr/m² m. vsk



Funk einbýlishús 100-400m²

Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metrar, einbýlishús við verksmiðjudyrd er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins
135.800 kr.
pr/m² m. vsk

Gluggar og hurðaprófilar koma frá hinu þekktu þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fánlegir í mörgum litum.


Sökkjar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

Ný lög varðandi virðisaukaskatt, nú skal á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað.

- Íslensk hönnun og framleiðsla.
- TwinWall tveggja þátta húseiningar.
- Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.
- Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.
- Timburhús eru heilnæmur íverustaður.
- Sterkari hús.
- Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.
- Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.
- Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.

HANNAÐ OG BYGGT
FYRIR ÍSLENSKAR
AÐSTÆÐUR



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is sala@huseining.is

h

Hús & hóbýli
TÍSKUSTRUMAR

Náttúruleg áferð og efni verður sífellt meira áberandi - terracotta, marmari og málmar halda vellí. Lifandi og tímalaut.



Náttúrulegt og notalegt

Náttúran er rauði þráðurinn í gegnum tiskustrauma í ár, líka þegar kemur að litum. Allt frá dempuðum grænum og gráum tónum yfir í djúpan bláan lit. Jarðlitatónar á borð við gulbrúnan, brúnan, rústrauðan yfir í muskutóna verða einnig áberandi.

Þessi litapalletta minnir okkur á veðurfarið og þróun litaumhverfis okkar hvort sem það er í innanhússhönnun, arkitektúr eða á tiskupöllum. Græna litinn má einnig draga fram á heimilinu í formi plantna sem ýta undir tengsl okkar við náttúruna og fríska upp á heimilið. Undanfarin ár hefur mikið verið rýnt í áhrif og afleiðingar loftslagsbreytinga sem reynt hefur verið að sporna við með aukinni áherslu á sjálfbærni. Naumhyggjan teygir enga sína inn á heimilin og sést hún í hönnun og byggingu mannvirkja almennt. Í dag snýst þetta í miklu mæli um að bera virðingu fyrir náttúrunni. Með þessu gefur þú heimilinu náttúrulegt útlit sem einnig má blanda saman við nýstárlegri efni og hluti.

Litir sem undirstöðuþættir náttúrunnar sjást í auknu mæli inni á heimilunum, hvort sem það er í formi málningar, málverka, vefnaðar eða veggfóðurs en jarðlitatónar eru meðal annars sagðir hámarka þægindi, kyrrð og ró.



Gólfteppi var úti um allt á hönnunarvikunni í Milanó, allt frá gólfum yfir í vegg. Málmur heldur áfram að vera vinsæll.



Mynstur í dag eru allavega, allt frá einföldum formum og blómum yfir frumleg og ævintýrleg mynstur, en veggfóður hafa sjaldan verið jafn vinsæl. Það virðast okkur engin takmörk sett þegar kemur að mynstri og áferð.



Rústrauðir og terracotta-tónar verða síðbreytt á árinu.

Sturtuklefi



Fast-fix sturtuklefi
með smellukerfi
engar skrúfur,
ekkert sílikon.

79.900

Verðdæmi stærð 80x80

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 14

Ármúla 31 - Sími 588 7332 - www.i-t.is



- fyrir þitt heimili



Gestgjafinn

ÓDÝRT, HOLLT OG GOTT

Ljúffengir linsubaunaréttir

Linsubaunir eru hráefni sem býður upp á marga möguleika ásamt því að vera meinhollar og seðjandi. Ólíkt þurrkuðum baunum þarf ekki að láta linsubaunirnar liggja í bleyti. Gott er samt að skola þær fyrst og róta í gegnum þær ef það skyldu leynast smásteinar í pokanum.



Linsubaunabollur með kryddaðri jógúrtídyfu.

Linsubaunabollur með kryddaðri jógúrtídyfu

gerir u.þ.b. 20 bollur

- 200 g brúnar eða rauðar linsubaunir
- ½ laukur, saxaður
- 2 hvítlauksgeirar, saxaðir
- 1 msk. tahini-sesamsmjör
- 2 tsk. malað kummin
- 2 tsk. kóríanderduft
- ½ tsk. salt
- 1 msk. sítrónusafi
- 2 msk. fersk mynta, söxuð
- 2 msk. ferskt kóríander, saxað



Hitið ofninn í 180°C. Sjóðið linsubaunirnar í 1 lítra af vatni í 20-30 mínútur eða þar til þær eru eldaðar í gegn. Hellið vatninu frá og setjið til hliðar. Steikið lauk og hvítlauk upp úr ólífuolíu þar

til hann er glær og mjúkur. Setjið til hliðar og látið kólna. Setjið linsubaunirnar í matvinnsluvél og maukið í stuttum slögum þar til þær maukast gróflega. Setjið restina af hráefninu út í og maukið í stuttum slögum þar til það hefur myndað gróft mauk (ekki hafa maukið of fíngert). Bragðbætið með salti og kryddi ef þarf. Mótið kúlur og raðið á ofnplötu með bökunarpappír. Kælið í 15 mínútur. Bakið í miðjum ofni í u.þ.b. 15 mínútur eða þar til bollurnar eru eldaðar í gegn og farnar að brúnast. Berið fram með kryddaðri jógúrtídyfu.

Krydduð jógúrtídyfa

- 1 dl grísk jógúrt
- ½ tsk. malað kummin
- salt og pipar

Hrærið saman jógúrt og kummin, bragðbætið með salti og pipar.

Grænar linsubaunir með eggi

fyrir 4

- 1 msk. ólífuolía
- 1 laukur, finsaxaður
- 2 hvítlauksgeirar, saxaðir
- 1 gulrót, söxuð
- 200 g grænar linsubaunir
- 1 lítri grænmetissoð eða vatn
- 1 lárviðarlauf
- 2 msk. dijon-sinnep
- 1 msk. sítrónusafi
- 10-20 g smjör
- 100 g sveppir, saxaðir
- salt og pipar
- 4 egg, hleypt, linsóðin eða spæld á pönnu

Hitið ólífuolíu í meðal-stórum potti og steikið laukinn þar til hann verður glær og fer að mýkjast. Bætið hvítlauk og gulrót saman við og steikið í nokkrar mín. eða þar til hvítlaukurinn fer að gyllast. Hellið linsubauninum út í og hrærið allt vel saman. Hellið grænmetissoðinu yfir og leggið lárviðarlauf í pottinn. Náið upp suðu og lækkið síðan hitann og látið hægjóða í u.þ.b. 20 mínútur. Takið lokið af og hrærið sinnep

og sítrónusafa saman við. Bragðbætið með salti og pipar. Eldið í 10-15 mín. til viðbótar eða þar til linsubaunirnar hafa eldast en hafa þó enn þá smábit. Takið af hitanum og látið standa í 10 mínútur. Steikið sveppina upp úr smjöri á pönnu yfir meðalháum hita þar til þeir gyllast. Blandið þeim saman við linsubaunirnar. Bragðbætið með salti, pipar og sítrónusafa ef þarf. Skiptið á milli skála og leggið eggjið ofan á.



Græna linsubaunir með eggi.

PISTILL

Eftir / Nönnu Rögnvaldardóttur matreiðslubókahöfund

Jarðskjálfta- birgðir

Fyrir fjöldamörgum árum voru börnin mín að velta fyrir sér dálitlum lager af niðursuðudós-um sem ég átti. Ég sagði að það gæti verið gott að eiga þetta ef hamfarir yrðu, til dæmis Suðurlandsskjálfti. Eftir það gekk dósasafnið undir nafninu jarðskjálftabirgðirnar.

Ég var þó ekkert að búa mig sérstaklega undir jarðskjálfta og þetta voru ekki dósir með fiskbúðingi, saxbauta eða grófhökkuðu kindakjöti í hlaupi, sem þá var hægt að fá. Þetta var bara eitt og annað sem mér fannst gott að geta gripið til í stað þess að hlaupa út í búð. Öll mín búskaparár hef ég tekið af jarðskjálftabirgðunum eftir hendinni og fyllt á jafnóðum. Ég er yfirleitt líka vel birg af kornvöru, pasta, þurrkuðum baunum og öðru sem geymist vel, frystirinn er oftast fullur og grænmetisskúffan í ísskápnum líka.



Nanna Rögnvaldardóttir

„Ég hef verið í einangrun í mánuð og fer ekki út í búð, læt ekki senda mér mat, fæ engan til að kaupa fyrir mig og skilja eftir á stigapallinum. Í heilan mánuð hef ég eingöngu verið að elda og nýta hráefni sem ég átti þegar einangrunin hófst. Ég er að nýta jarðskjálftabirgðirnar, þeirra tími er kominn.“

Og nú eru hamfarir skollnar á. Ég hef verið í einangrun í mánuð og fer ekki út í búð, læt ekki senda mér mat, fæ engan til að kaupa fyrir mig og skilja eftir á stigapallinum. Í heilan mánuð hef ég eingöngu verið að elda og nýta hráefni sem ég átti þegar einangrunin hófst. Ég er að nýta jarðskjálftabirgðirnar, þeirra tími er kominn.

Þær koma sér því vel og líka allt sem ég hef keypt af því að ég hef rekist á það og þótt spennandi eða ódýrt eða bara gjarnilegt og hef ætlað að nota einhvern tíma ... Sumu var ég búin að steingleyma. Ég er í sambandi við marga erlenda matreiðslubókahöfunda og flestir hafa sögu að segja: nú er verið að grúska í skápunum, draga fram gleymt góðgæti og finna leiðir til að nota það.

Auðvitað kláraðist sumt fljótt, til dæmis ýmislegt ferskt grænmeti, salat og þess háttar, en það er svo oft hægt að finna eitthvað sem nota má í staðinn og þar kemur niðursöðna og frosna grænmetið sér vel og dósabaunir af ýmsu tagi er hægt að nota ótrúlega víða (ég notaði nýverið afgang af blönduðum baunum í kókoskúlu í staðinn fyrir smjör). Ég hef ekki eldað sama eða svipaðan rétt tvisvar þennan mánuð sem ég hef lifað á jarðskjálftabirgðunum.

Ég hef sagt frá kvöldmatnum á blogginu mínu en það er fyrst og fremst dagbókin mín, ekki uppskriftir fyrir aðra því að þær byggjast á því sem ég átti til þegar einangrunin hófst og þar var sannarlega ýmislegt sem ekki er í hverju búri, þetta er frásögn af því hvernig spilað er úr því sem til er. Ég á nóg til af ýmsu enn en kannski fer að reyna meira á hugmyndaflugni og sköpunargleðina.


En eigi að búa sig undir hamfarir eða sóttkví er ýmislegt sem gott er að eiga: hrisgrjón, pasta og aðrar kornvörur; ýmsar tegundir af niðursöðnum eða þurrkuðum baunum, dósatómat, frosinn maís, grænar baunir og annað grænmeti; kartöflur og rötargrænmeti (ekki gleyma lauk); ávexti, ferska, frosna og þurrkaða; kryddmauk og sósur til að bragðbæta matinn; hveiti og ger til að baka brauð; smjör og olíu; kaffi eða te. Svo er einstaklingsbundið hvort fólk á í ísskáp eða frysti, beikon, kótelettur, nautahakk, kjúklingabringur og ýsuflok – eða jarðskokka, kjúklingahjörtu, kálfatungu, guanciale eða risarækjur. Úr þessu öllu má gera alveg ljómandi góðan mat ef búskapurinn er vel birgur.

Það eru ýmsir kostir við að eiga dálitlar matarbirgðir. Ekki bara ef maður skyldi þurfa skyndilega í sóttkví eða ef bresta á náttúruhamfarir. Það getur líka komið sér vel fyrir budduna í tímabundnum örðugleikum að fara í gegnum skápa og frysti, athuga hvað til er og hvort ekki sé hægt að nota það í staðinn fyrir að kaupa eitthvað. Matarreikningurinn minn fyrir undanfarinn mánuð er samtals núll krónur. Það munar um minna.

OTA SOL GRYN®



Dagurinn byrjar alltaf vel með OTA hafragrjónum





Skemmta landsmönnum í samkomubanni



Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / Facebook

Samkomubannið hefur kennt landsmönnum öllum ýmislegt; þolinmæði, samkennd, nægjustemi og margt fleira. Landsmenn þurfa einnig að læra að vera sjálfum sér nægir og finna upp á einhverju að gera heima við. Fjölmargir hafa lagt þar hönd á plóg og boðið upp á ýmsa afþreyingu í gegnum samfélagsmiðla, áhorfendum og notendum að kostnaðarlausu, eina sem þarf er nettenging og sími eða tölvu. Mannlíf skoðar nokkra viðburði sem hafa verið í boði og verða áfram í boði næstu daga og vikur.



Hlynur Jakobsson, plötusnúður og veitingahúss-eigandi, „dj-ar“ á Facebook í beinni heiman frá sér á hverju kvöldi kl. 19.30, í 30-60 mínútur í hvert sinn. Elly Ármann, unnusta hans og athafnakona, dansar með og segist hún ætla að dansa sig í gegnum aðstæður í þjóðfélaginu. Oft elda þau á meðan tónlistin dunar, en á fóninum er mikið um tónlist frá nýfunda áratugnum, sem kætir aðdáendur þess tímabils.

Hjálmar Örn Jóhannsson, hvítvínskona með miklu meiru, hefur tvisvar verið bingóstjóri í mann mesta bingói Íslandssögunnar í boði Ali matvara, á Facebook-síðu fyrirtækisins. Þó að bingóið sé í raun risastór auglýsing fyrirtækisins, með vinningum frá því og öðrum fyrirtækjum, þá er viðburðurinn stórskemmtileg afþreying fyrir alla fjölskylduna og Hjálmar Örn með skemmtilegri mönnum landsins. Fjölmörg fyrirtæki eru líklega frústreruð yfir að hafa ekki látið sér detta í hug að bjóða upp á slíkan viðburð. Tvö bingó eru að baki og lofar Hjálmar Örn að halda minnst eitt í viðbót.



Ævar Þór Benediktsson rithöfundur, eða Ævar vísindamaður, er með upplestur í beinni alla virka daga klukkan 13 á Facebook-síðu sinni. Ævar les upp úr eigin bókum og er nú á þeirri þriðju, en hver upplestur stendur í um tíu mínútur.

Mynd / Aldis Pálsdóttir



Linda Rós Haukdal Rúnarsdóttir hársnyrti-meistari gefur góð ráð hvað hárumhirðu, greiðslu og fleira varðar á Instagram: lindaklippari. Greiðsla, krullutækni, spennutækni, fléttugreiðsla og margt fleira virkar ofureinfalt í höndunum á Lindu Rós.



Friðrik Agni Árnason les eigin ljóð í beinni á Facebook-síðu sinni öll kvöld kl. 22. Ljóðin les hann til skiptis á íslensku og ensku.

20% afsláttur

vikan.is

Verð aðeins 1.436 kr.

GLÆSILEG VERÐLAUN!

KITCHENAID-HRÆRIVÉL
GIORGIO ARMANI-ILMIR
VERA DESIGN-SKART



VERA DESIGN



Sími 515-5500 | mannlíf.is/askriftir

ILVA



Sparaðu **25%**

**AF ÖLLUM
SUMARVÖRUM
OG 20% AF ÖLLUM
VÖRUM Í APRÍL**

Henderson

HENDERSON 3ja sæta sófi. L218 cm. 99.900 kr. Nú 74.925 kr.
HENDERSON 2ja sæta sófi. L153 cm. 79.900 kr. Nú 59.925 kr.
HENDERSON garðborð með glerplötu. 80x80 cm. 36.900 kr. Nú 27.675 kr.
HENDERSON hornsófi. L223xB223 cm. 169.900 kr. Nú 127.425 kr.

©ILVA óskilur sér rétt að leiðrétta augljósar villur.



MILFORD garðborð. Ø120 cm. Pólystone, dökkgrátt. 99.900 kr. Nú 74.925 kr.
Fæst einnig Ø150 cm. 169.900 kr. Nú 127.425 kr.
SELVA garðstóll. Plast, ýmsir litir. 14.900 kr. Nú 11.175 kr.



Portio

PORTIO garðstóll. Plast, ýmsir litir. 11.900 kr. Nú 8.925 kr.

Frí heimsending


**Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
FYRIR ÞÁ SEM VERSLA
FYRIR 5.000 EÐA MEIRA**

GILDIR Í VEFVERSLUN Í APRÍL

WWW.ILVA.IS

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

 netgiró
VALITOR

 [FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)



Albumm

TÓNLIST

Draumurinn að túra um heiminn

JóiPé og Króli hafa náð miklum vinsældum frá því þeir skutust upp á stjörnuhimininn með lagi sínu, B.O.B.A árið 2017. Í miðjum kjarnorkuvetri er fjórða platan sem þeir félagar gefa út og inniheldur hún hvorki meira né minna en nítján lög. Þegar Albumm náði tali af Jóa voru þeir kappar í miðjum klíðum við að gefa plötuna út.



JóiPé og Króli hafa sent frá sér nýja plötu sem inniheldur hvorki meira né minna en 19 lög.

Fólk má í raun bara dæma plötuna sjálf, hvort hún er eitthvað öðruvísi en hinar plöturnar. Er ekki alltaf best að renna svolítið blint í sjóinn þegar maður hlustar á nýjar plötur,“ segir Jói, þegar hann er spurður hvort platan í miðjum kjarnorkuvetri sé mikið frábrugðin fyrri verkum þeirra féлага.

Jói segir að í raun sé platan bara eðlileg þróun á fíkti einstaklinga við listsköpun; skortur á fjölbreytileika feli í sér ákveðna stöðnun, en platan var tvö ár í vinnslu og koma ýmsir góðir gestir fram

Hvernig upplifði þið annars íslensku rappsenuna og sjáði þið fyrir ykkur að þið eigið eftir að túra eitthvað erlendis?

„Okkur finnst íslenska rappsenan geggjuð, hún er svo fjölbreytt og skemmtileg. Og já, draumurinn okkar er klárlega að spila erlendis og fá að túra um heiminn.“

Þið hafði nú án efa upplifað ýmislegt frá því að þið skutust upp á stjörnuhimininn. Eigið þið ekki einhverja skemmtilega „roksögu“ til að deila með lesendum?

„Skemmtilegasta rokksagan okkar er líklegast þegar



„Við höldum útgáfutónleika þegar tækifæri gefst, en annars ætlum við bara að halda áfram að æfa okkur í pílukasti,“ segir hann og kímir.

„Við höldum útgáfutónleika þegar tækifæri gefst, en annars ætlum við bara að halda áfram að æfa okkur í pílukasti.“

á henni: GDRN, Bríet, Auður, Hipsumhags og fleiri. Af hverju ákváðuð þið að hafa nítján lög, það er frekar sjaldgæft að plötur í dag innihaldi svona mörg lög?

„Það liggur í raun dálítið í augum uppi um leið og fólk hlustar á plötuna til enda,“ segir hann, „því þetta er saga sem við segjum í nítján lögum.“

við spiluðum á G-festival í Færeyjum og fólk frá mörgum löndum söng og dansaði með,“ segir Jói og bætir við að þetta hafi bæði verið mjög gaman og eftirminnilegt.

Hvað er svo fram undan hjá ykkur?

Fékk hugmyndina að laginu í frönskum kastala ★★

Tónlistarmaðurinn Hjalti Steinn Sigurðsson, eða Hurt Noain, sendi fyrir skömmu frá sér lagið Hammock Dream.

„Árið 2016 var ég að ferðast um Evrópu í þeim tilgangi að spila tónlist undir dansverki tveggja nútímadansara í Leon í Suður-Frakklandi. Þar var ég í gömlum kastala og varði löngum stundum í hengirúmi og dreymdi skrítna drauma,“ svarar hann, spurður út það hvernig lagið hafi orðið til.

Hjalti segir að um leið og lagið fæddist fyrir á þessu ári hafi hann langað að gera myndband við það. Hann hafi því farið að klippa saman alls konar klippur sem hann átti til og úr varð frumraun hans í myndbandagerð. Hægt er að hlusta á Hammock Dream á Albumm.is.



Fimm uppáhalds



Guðmundur Jörundsson.


Með brennandi áhuga á tónlist

Guðmundur Jörundsson hefur komið víða við en hann er líklega þekktastur fyrir fatamerkið sitt JÖR sem hann stofnaði árið 2012. Hann opnaði verslun á Laugavegi 89 undir merkjum JÖR og hélt velheppnaðar tiskusýningar og fatnaðurinn

seldist eins og heitar lummur. Árið 2017 varð fyrirtækið gjaldþrota en Guðmundur er byrjaður að hanna aftur og ætlar að einbeita sér meira að sköpunarhlíðinni. Guðmundur hefur alltaf haft brennandi áhuga á tónlist, sem spilaði einmitt stórt hlutverk hjá JÖR, og því fannst Albumm tilvalið að biðja hann um að nefna þær fimm plötur sem hann heldur mest upp á.

- Blood on the tracks** - Bob Dylan
- Sorri** - Prins Póló
- Travelling without moving** - Jamiroqua
- Jungle** - Jungle
- Swallowed a Star** - Daniel Ágúst

Jónsi sendir frá sér nýtt lag



Jónsi hefur gefið út lagið Exhale, sem er fyrsta sólóefnið sem hann gefur út í meira en áratug. Samhliða útgáfu lagsins frumsýnir Jónsi einnig tónlistarmyndband við lagið sem hann leikstýrði sjálfur ásamt Giovanni Ribisi. Upptökustjórn lagsins var í höndum Jónsa og A.G. Cook.

Exhale hefst mjúklega með rödd Jónsa og lágstemmdum píanóleik. Hljóðgervlar bætast við og lagið stígmagnast undir söng Jónsa

sem endurtekur: „Just let it go now/ it isn't your fault“, sem má túlka sem einhvers konar stefnufyrirlýsingu eða leiðarstef fyrir hið óútreiknanlega líf á 21. öldinni. Í myndbandinu birtist dansari undan svörtum plastdúk sem speglar tónlistina með dansi sínum.

Jónsi hefur frá upphafi ferils síns skapað sér nafn með fallegum tónsmíðum. Sumum þótti honum takast að umbreyta harðneskjulegu landslagi Íslands yfir í tæra og tímalausa tónlist með hljómsveitinni Sigur Rós. Upptökustjórn Cooks er á hinum enda litrófsins; hljóðheimur hans getur verið vérlænn, harkalegur og tilraunakenndur. Samstarfið gæti því komið einhverjum á óvart, en afraksturinn þykir vera fallegur, þar sem dáiðandi rödd Jónsa ferðast á nýjar og ókunnugar slóðir í laginu.

Fyrr á þessu ári hélt Jónsi sína fyrstu einkasýningu í hinu virta myndlistargallerí Tanya Bonakdar Gallery í Los Angeles. Verk hans á sýningunni könnuðu áhrif hljóðs á fleiri skynfæri en bara eyrun.

Nýtt lag frá krassasig

Tónlistar- og fjöllistamaðurinn Kristinn Arnar Sigurðsson, eða krassasig, hefur sent frá sér lag, Einn dag í einu, sem fjallar um vorið og draumana, að vera með einhvern á heilanum og að horfa fram á bjartari tíma. Krassasig semur og pródúserar lagið, Magnús Jóhann spilar á píanó og Iceland Sync Management ehf. og Sony Music Denmark gefa út.

náðu bæði miklu flugi á Rás 2 og streymisveitum. Hann var svo tilnefndur sem bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum og krassasig var valinn af Landsbankanum til að spila á Iceland Airwaves í fyrra.

Hægt er að hlusta á lagið á Albumm.is.



Kristinn Arnar hefur gert það gott síðan hann gaf út plötuna MMMM með hljómsveitinni og fjöllistahópnum Munstur. Nú, þegar hann er sóll undir listamannnafninu krassasig, hefur hann gefið út draumkennt tilraunapopp. Lögín Brjóta heilann og Hlýtt í hjartanu



SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS



Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI



GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Séð og Heyrt
HEYRST HEFURSYSTKINI
Í SVIÐSLJÓSINU

Það hafa fáir vakið jafnmikla athygli undanfarið og fjölmiðlamaðurinn Björn Ingi Hrafnsson sem skrifar fyrir Viljann og mætir galvaskur á daglegan upplýsingafund Almannafróðunar með fullt af spurningum í farteskínu.

Framganga Björns Inga hefur ýmist vakið aðdáun eða kitlað hláturtaugar almennings, já eða hvorutveggja í senn. Björn Ingi var í eina tíð virkur í pólitík, var aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar, utanríkisráðherra og síðar forsætisráðherra, og einnig var Björn í framboði fyrir Framsókn og varaþingmaður. Það vita kannski ekki allir en Björn Ingi á systur, Margréti, sem er einnig í pólitík, auk þess að vinna við kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð.



Margrét sem er þremur árum eldri en Björn Ingi hefur verið búsett í Bandaríkjunum í yfir 30 ár. Síðasta mynd hennar, heimildamyndin House of Cardin, um tískukonunginn Pierre Cardin, fékk mikið lof hvar sem hún var sýnd. Nú vinnur hún að kvikmynd með ítölskum leikstjóra þar sem Gerard Depardieu er í aðalhlutverki og endurgerð á erlendri kvikmynd sem verður gríðarstórt verkefni, svo eitthvað sé nefnt.

Margrét er einnig rammpólitísk og hefur stutt vel fjárhagslega við bakið á Demókrataflokknum. Hún hefur unnið náið með Hillary Clinton, meðal annars þegar hún bauð sig fram til forseta Bandaríkjanna árið 2016.

Bergur Jökull Karl fæddur í mars

Kraftlyftingaparið Ellen Yr Jónsdóttir og Júlían J. K. Jóhannsson eignuðust son 10. mars, en hann er fyrsta barn þarsins, sem hefur verið verið saman í þrjú ár. „Hjartað mitt er að springa alla daga og alltaf, það er gott að elska,“ segir Ellen Yr. Sökum samkomubanns var ekki hægt að skíra, en foreldrarir gátu ekki beðið lengur og nefndu soninn 9. apríl. Júlían á heimsmet í sínum þyngdarflokki í réttstöðulyftu og verður gaman að sjá hvort sonurinn ungi erfi krafta foreldrana og áhuga á lyftingum.

**Fagnaði afmæli Bretadrottningar með stæl**

Sjöfn Þórðardóttir, umsjónarmaður þáttanna Fasteignir og heimili á Hringbraut, fagnaði 94 ára afmæli Elísabetar Englandsdrottningar á þriðjudag með glæsilegum hætti, eins og Sjafnar er von. Boðið var upp á Royal High Tea og kampavín, Veuve Clicquot, aðeins það besta í boði Sjafnar til heiðurs Betu.



782-0503



Vantar þig vönduð heimilisþrif?



Traust þrif geta bætt við sig þrifum fyrir heimili í öllum stærðum og gerðum.

Góð meðmæli og traust þjónusta fyrir þá sem vilja aðeins meira.

Hafðu samband við okkur í síma 782-0503 eða á traustthrif@gmail.com og fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki eða húsfélag.BLESSAÐ
BARNALÁN

Nokkrar af þekktustu konum landsins eru barnshafandi og hafa þær deilt myndum af sér á meðgöngunni á samfélagsmiðlum og leyfa fylgjendum sínum að fylgjast með meðgöngunni og öllu sem henni tengist.

Móeiður Lárusdóttir samfélagsmiðlastjarna og Hörður Björgvin Magnússon, landsliðsmaður í knattspyrnu, eiga von á sínu fyrsta barni, dóttur, í byrjun júní. Párið er búsett í Moskvu þar sem Hörður spilar með CSKA Moskva.



Harpa Káradóttir, förðunarmeistari og eigandi förðunarskólans Make-up Studio, og Guðmundur Böðvar Guðjónsson fórboltaaður eiga von á einnigja tvíburum í sumar. Börnin eru fyrstu börn þeirra saman en Harpa á dóttur frá fyrra sambandi.



Íris Rós Ragnhildardóttir tónlistarkona og Árni Beinteinn Árnason leikari eiga von á sínu fyrsta barni núna í apríl. Íris hefur stundað tónsmíðanám við Listaháskóla Íslands og í fyrra gaf hún út plötuna Forever undir listamannsnafninu Roza.

Sigrún Sigurðardóttir snyrti- og förðunarfræðingur og Steinþór Hróar Steinþórsson leikari með meiru eiga von á dóttur í maí. Fyrir eiga þau dótturina Ronju sem er fimm ára. Steindi komst að því á skemmtilegan hátt hvers kyns barnið væri, þegar kynjablaðra sem hann sótti og til stóð að sprengja á Þorlákssmessu, sprakk þess í stað í bílnum hjá honum, sem fyllist af bleiku confetti.



Séð og Heyrt óskar verðandi mæðrum innilega til hamingju.

Alexandra Sif Nikulásdóttir, einkaþjálfari hjá FitSuccess og ein vinsælasta samfélagsmiðlastjarna landsins, og Arnar Freyr Bóasson eiga von á barni í júní. Barnið er þeirra fyrsta barn. Umræða Alexöndru um barneignir vakti mikla athygli síðasta haust, þegar hún sagðist ítrekað fá spurningar frá fylgjendum sínum um hvort hún væri ólétt, sagði Alexandra að það væri aldrei í lagi að spyrja konu þessarar spurningar.



Puríður Blær Jóhannsdóttir, leikkona í Borgarleikhúsinu og meðlimur Reykjavíkurdætra, og Guðmundur Felixson, dagskrárgerðarmaður á RÚV og meðlimur Improv Island, eiga von á dreng í júní. Barnið er fyrsta barn þarsins. Puríður lék ófrísk í sýningunni Helgi Þór rofnar í Borgarleikhúsinu núna í vor, en verkið þótti afar magnað og djarft.



Annie Mist Þórisdóttir afrekskona í CrossFit og Frederik Aegidius eiga von á dóttur í byrjun ágúst. Annie Mist æfir enn af kappi þótt hún hafi sagt sig frá keppni í mótum á meðan á meðgöngunni stendur. Dóttirin er fyrsta barn þeirra beggja.

VÍTAMÍN

MARÍA FINNBOGADÓTTIR
LANDSLIÐSKONA Á SKÍÐUM



PRÓTEIN

KALK

JÓÐ

B+D
VÍTAMÍN



MJÓLKIN GEFUR STYRK



Öll sækjum við styrk í það sem byggir okkur upp og heldur með okkur alla leið. Mjólk er mikilvæg uppspretta lífsnauðsynlegra vítamína og steinefna sem öll gegna mikilvægum hlutverkum í líkamanum. Þú sérð hvernig mjólkir styrkir þig á mjolk.is



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

MANNLÍF

BIRTINGUR EHF | ÚTGÁFUFLAG | SÍÐUMÚLA 28, 108 REYKJAVÍK | S: 515 5500

15. TÖLUBLAÐ 4. ÁRGANGUR | FÖSTUDAGURINN 24. APRÍL 2020

mannlíf.is

Ritstjórn: ritstjorn@birtingur.is

Síðast en ekki síst

Eftir / Sólvégu Jónsdóttir

Gular krísur

■ Að útskýra samkomubann fyrir tveggja ára barni er ákveðin áskorun. Þegar í ljós kemur að dagurinn í dag er ekki leikskóladagur er hún yfirleitt með uppástungur á reiðum höndum um hvað við getum gert skemmtilegt þann daginn í staðinn. Fara í sund? Nei, það er lokað. Skreppa á bóka-safnið? Nei, það er líka lokað. Heim-sækja ömmu og afa? Nei, það er ekki hægt núna. Fara í IKEA? Nei, ekki í dag. Er það nema furða að á viku þrjú í títtnefndu samkomubanni hafi barnið bugast og brostið í grát með orðunum „Það er ekkert hægt!“

Við erum mikið úti. Mjög mikið. Við setjum kakó á brúsa, kanilsnúða í dall og fórum í skógarferðir. Ég hef lært mína lexíu í væntingastjórnun svo að í stað þess að leita að kaninum í þessum skógarferðum leitum við nú að kanínukúk. Með mun betri árangri en áður. Eftir eina slíka ferð ákváðum við að koma við í blómabúð á heimleiðinni. Við mæðgur erum ákaflega hrifnar af blómum og komum loks auga á falleg, heiðgul og hávaxin blóm með djúprænum blöðum. „Hvað heita þessi?“ spurði ég almennilega afgreiðslumanninn. „Krísur“, svaraði hann. „Já, ókei. Og standa þær lengi?“ „Já. Þær standa mjög lengi“, svaraði hann. Án þess að hugsa sérstaklega út í hvort mig vantaði yfirhöfuð fleiri krísur sem standa sérstaklega lengi ákvað ég að kaupa nokkur stykki til að fegra heimilið sem við annars erum öll á öllum stundum.

Krísurnar í blómavasanum eru enn sérlega frísklegar og í góðu standi en ég er hálfpartinn að vona að þær fari að láta á sjá upp úr 4. maí eða svo. En þangað til og töluvert þar eftir munum við setja skógarferðir í stað þess sem ekki er hægt að gera. Vegna þess að þannig, og með svóltílli áframhaldandi þolinmæði, verður allt hægt aftur.



Verð bit með fyrirvara um innsláttur og/þá breytingar.



★ HEIMA ER BEST ★

VAXTALAUSAR
12
mán
GREIÐSLUR

FRÍR
FLUTNINGUR
UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ
OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM
Á SVEFNOGHEILSA.IS

VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

NÝ SENDING AF SÆNGUM
BY BRINKHAUS



ÚRVAL AF SÓFUM
OG HVÍLDARSTÓLUM



PRESTON
Svefnsofi
Verð áður kr.-249.900
NÚ AÐEINS KR. 224.910

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF HEILSUDÝNUM



20-50%
AFSLÁTTUR

NÝTT OUTLET

Gerðu frábær kaup

20-50%
AFSLÁTTUR




Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



UM FJÓRDUNGUR LANDSMANNA
SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*

*Samkvæmt könnun frá Gallup.

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150 | OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBODSADILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir

Umhverfisvænin
BAMBUS TANNBURSTAR



Góðin fyrir þig
OG NÁTTÚRUNA!

Colgate